


4/61



MOUNTAIN



Efnisyfirlit, bls 1-60:

2 Efnisyfirlit

- stórgóður staður fyrir efnisyfirlit.

3 Ritsjónarpistill

- þetta er lesning.

4 Viðtal við Magnús Björnsson

- Muninn stoppaði Magnús og spurði hann nokkurra spurninga um eitthvað.

6 MYMA-fréttir

- loksins koma hér hinar eftirsóttu fréttir.

7 Ég og bróðir minn

- smásaga, Laugfríður lata semur.

8 3bíófélagið

- hundleiðinlegur pistill frá Sigga Palla.

9 LMA-pistill

- þau borguðu ekki fyrir auglýsinguna...

10 Viðtal við Kamillu Rún

- fyrsta viðtal sem tekið er á Amtsbókasafninu og birt í skólablaði birtist hér.

12 ÍMA-pistill

- óvenjulegt andrúki hefur skotið upp hausnum hjá ÍMA stjórnendum.

14 Nútímalist

- Gísli Árni Gíslason segir sitt af hverju.

16 Svikul ást

- önnur smásaga, Laugfríður lata er ekkert löt.

17 Skýrslan

- smásaga eftir tvo snarruglaða nemendur.

19 Ævintýri eða ekki ævintýri

- Rannveig Ármannsdóttir skrifar um Selfossferð nemenda til Reykjavíkur.

22 Annáll MFH

- það er nú aldeilis kjaftangurinn á þeim bæ.

26 Ratúb

- það hefur kannski einhver tekið eftir því, en ratúb er orðið *bútar* skrifað afturábak.

28 Skákpáttur

- teflt í tvísýnu.

29 Efni sem kom í kassann

- skoðið þið nú vel.

30 Ljósmyndaopnan

- hér sýnir Óli Lux sínar bestu myndir.

32 Einkaviðtal Munins við Donald Woods

- landflóttu suður-afrískan ritstjóra.

36 Fjallað um myndina *Hróp á frelsi*.

- nýjasta stórvirki Sir Richard Attenboroughs.

38 Apartheid

- aðskilnaðarstefnan í S-Afríku er vandamál, tekst Hlyni og Sigga að leysa vandann?

43 Bridgepáttur

- Eyjólfur segir okkur undan og ofan af íþróttinni.

44 Teiknimyndasaga Munins

- Muninn er opinn fyrir öllu.

48 Morð við opinn glugga

- polysaga Munins, spenna í hámarki.

50 Amnesty International

- stórmerk samtök.

52 Fjárhagsstaðan

- Sturla og Torfi bulla svolítið.

53 Keðjusagarmorðin í Los Angeles

- Háí ljóshærði maðurinn og systir Arnolds Schwarzenegger segja frá.

56 Blakfréttir

- Ómar Pétursson fjallar náíð um blaknetið.

59 Síðasta verk stjórnar Hugins

- núna eigið þið að vera búin að lesa allt blaðið.

60 Baksíða

- ekki er baksíða baksíða nema Búnaðarbanka-auglýsing sé á henni.

MUNINN, blað skólafél-
ags Menntaskólans á Ak-
ureyri. 4. tbl. 61. árg. 9.
maí 1988

Ábyrgðarmaður
Garðar Ágúst Arnason 3.T

Ritstjóri
Jón Hjalti Ásmundsson 4.U

Ritsjórn
Ólafur Jóhann Sigurðsson 3.T
Sigurður Magnason 3.U
Guðfinna Halla Þorvalds. 2.T
Þórarinn Friðrik Gylfason 2.A
Solveig Sturlaugsdóttir 1.E

Nemi í starfskynningu
Bergþór Hauksson

Aðstoðarauglýsingasafnari
Hlynur Hallsson

Teiknari
Þórarinn Friðrik Gylfason

Útlitshönnun
Óli og Dúddi

Prófarkalesari
svpáll

Leysiprentun og prentun
Petit


Blað þetta er að hluta og í
heild unnið á Macintosh
SE tölvu sem ritsjórinn
komst af einhverjum ástæð-
um í.

Ritstjórnarpistill

Kæru skólasystkyn.

Nú þegar snjórinn er bráðnaður, blómin fara að springa út og alþingismenn fara að fara í sumarfrí og litlu lömbin fara að bröla um í grænkandi haga og fagrar konur fara að sjást fáklæddar og ljótar konur fara að sýnast fríðar og þrestirnir fara að syngja í fögrum beykilundum og sólskinið vekur mann á morgnana og kitlar mann í nefið og sólhúsgögnin sjá dagsins ljós eftir að hafa rykfallið í geymslunni í allan vetur og ljósalamparnir taka þeirra sess og rómantísk löng björt vorkvöld vekja gleði og girnd í ungum og ásfangnum hjörtum og sláttuvélarnar fara að syngja að nýju og kennararnir fara að gefa útivistarfrí og svo nemendurnir geta fengið sér mjólkurhristing niðri Brynju og lóan fer að syngja dirryndý og hrafninn fer að krunka og bændurnir fara að búa jörðina undir uppskeru sumarsins og kýrnar sletta úr klaufunum og allir aðrir eru búnir í skólanum þá byrja helv. prófin hjá okkur...

Gangi ykkur vel í prófunum!



Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Viðtal við Magnús Björnsson

- nýkjörinn formann

Fullt nafn: Magnús Björnsson
fæddur: 15 júlí 1969
heimili: Hólabak Austur-Húnavatnssýslu

Uppáhalds-
matur: hrossakjöt
tímaeyðsla: æfa frjálsar
íþrótt: frjálsar íþróttir
drykkur: mjólk úr tankin-
um heima
stjórnmalamaður: Robert
Mugabe
íþróttamaður: Ben Johnsson


Alversta
tímaeyðsla: læra
drykkur: skagfirskur landi
íþróttamaður: ég sjálfur

Að hverju stefnirðu í embætti?

Að viðhalda því öfluga félagslífi sem skólinn er þekktur fyrir og því starfi sem síðasta stjórn skilaði af sér af mikilli þryði.

Hverju viltu breyta?

Þar sem ég hef ekki verið lengi í embætti sé ég ekki í fljótu bragði neinar róttækar breytingar sem þörf er á að framkvæma innan þessa skóla. Hér fer allt fram innan ramma ákveðinna hefða. En ef ég legg hlutlægt mat á mig myndi ég ekki telja mig íhaldsaman þannig að ég er ekkert hræddur við breytingar sé þeirra þörf.



Magnús Björnsson.

Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Hvað viltu bæta?

Vegna áhuga míns á þjóðmálum vildi ég gjarnan sjá meira líf hjá pólitísku félögum en hefur verið á þessu skólaári og einnig mætti blaðaútgáfa vera meiri. Það er þetta sem helst hefur vantað í félagslífið að mínu mati.

Ertu valdagráðugur?

Um það verða aðrir að dæma, því það er ákaflega erfitt að leggja hlutlaust mat á sjálfan sig.

Hvers vegna bauðstu þig fram?

Ég var búinn að ákveða að þegar ég væri kominn í 4. bekk, á lygnan sjó í náminu, þá skyldi ég starfa af krafti í félagslífinu og jafnvel skólafélagsstjórn. Svo fóru margir að skora á mig þegar líða tók að kosningum að bjóða mig fram í formannsembættið sem ég að lokum gerði eftir vandlega umhugsun og vangaveltur.

Hvert stefnirðu í framtíðinni?


Frá því að vera kotbóndi í einhverjum eyðidal og allt þar fyrir ofan. Ég hef ekkert ákveðið ennþá enda nógur tími til þess.

Hvernig leggst þetta allt í þig?

Þærilega ennþá allavega. Starfið fram að prófum er lítið þannig að ég held að það sé ekki fyrir en á næsta ári sem maður geti farið að gera sér grein fyrir hve umfangsmikið það er.

Og þar með var Magnús rokinn, 7 hringir í kringum heimavistina afturábak á innan við 12 mínútum er takmarkið segir hann...

MYMA



Megum við minna á að nú fást til útláns á bókasafni voru flest félagslíf í MA á MYMA-myndbandi, t.d. Viðarstaukur (með hljóði) mono-non-HI-FI. Taktu enga áhættu, hugsaðu þig tvisvar um, fólk deyr af völdum alnæmis. Svo hef ég nátt'lega fleira á bandi s.s (svo sem) Selfossferð MA-inga til Reykjavíkur, Bubba kóng, Huginn 60 ára, Friðar og MA-VMA daga, Litlu OL-leikana '87 og margt fleira vinsælt efni... „Viltu lána mér Viðarstauk '88?“ „Gerðu það“ (innsk. höf.) Ég skal gefa þér gull og grænan skóg með sumarbústað, íbúð eða bát að eigin vali að verðmæti kr. 2.000.000 (innsk. höf.) (ánægður viðskiptavinur). Þetta allt þér að kostnaðarlausu. Láttu ekki gáleysið granda þér, fáðu þér myndband í tíma.

© MYMA



Mjallarbón er best - á bflinn

Muninn: Krotznéff

Ég og bróðir minn

Ég skalf á beinum. Frostið beit mig í kinnarnar þegar ég hljóp áfram. Ég heyrði í honum á eftir mér. Andar-dráttinn og þungt fótatakið. Ég hljóp eins hratt og ég gat. Ég varð, hann var að ná mér. Þá, allt í einu hrasaði ég. Hann náði mér. Hlunkaðist ofan á mig og hvæsti einhver hræðileg orð. Hann tók reipi upp úr vasanum, batt mig á höndum og fótum og tróð klút upp í munninn á mér. Ég gat ekki öskrað, ég gat ekki hreyft mig. Ég var varnarláus, varn-


arlaus gegn honum sem hafði drepið bróður minn. Ég var skelfingu lostin og man ekkert fyrir en ég lenti á köldu gólfinu í sendiferðabílnum hans. Hann keyrði af stað. Hvert við vorum að fara vissi ég ekki.

Ég hafði misst meðvitund. Við vorum enn að keyra. Núna loksins stoppaði hann. Hann opnaði bílinn, dró mig út og henti mér á jörðina. Ég fann að ég lá á sandi. Ég heyrði niðinn í sjónum blandast við vélarhljóðið í bílnum.

Hann var að fara. Hann ætlaði að skilja mig eftir þarna í fjörunni. Ætlunin var sennilega að drepa mig, alveg eins og bróður minn.

Ég var að frjósa. Ég var að deyja. En það var allt í lagi. Nú myndi ég hitta bróður minn...

Laugfríður lata.



NÝTTU ÞÉR TÆKNI NÚTÍMANS

Alreikningur býður eitt mesta öryggi sem hugsast getur í tékkaviðskiptum: Mynd og nafn sérprentað á hvert tékkaeyðublað – myndin tekin á örskotsstund með tölvutækni í næsta útibúi. Þeir sem vilja geta hins vegar sleppt myndinni og látið nafnið duga.

Auk þessa veitir Alreikningur eigendum sínum fjölbætt sérréttindi svo sem sérstök lánsréttindi, spamaðarþjónustu, ríkulega ávöxtun og 10 þúsund kr. tékkaábyrgð.


Komdu eða hringdu í Alreikningsfulltrúa okkar í næsta útibúi og fáðu nánari upplýsingar.

 **Lónaðarbankinn**
- nútíma banki

al
reikningur
-einn fyrir alla

Sálarró á Sunnudagseftirmiðdögum

-úr Þrjúbíófélagspostilu-



Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Eins og greinarhöfundur tekur fram þá er flugstjórnarklefi flókið fyrirbæri.

Þegar ég ákvað að skrifa þessa grein, var ætlunin að hafa hana skemmtilega og með afbrigðum myndna. En það verður að viðurkennast, að eftir að hafa verið í skólanum frá klukkan 8 til 4 og numið jafn ánægjulegar námsgreinar og þýsku, íslensku og stærðfræði kemur fátt myndið upp í huga manns. Eftir miklar vangaveltur hef ég því ákveðið að gerast hundleiðinlegur og skrifa það ófyrndnasta, sem sést hefur á prenti frá því út kom bókin „Hlæjum dátt með Hemma Gunn“. Þannig fýsir það mig mjög að skrifa um kirkjusókn Skaftfellinga á ofanverðri sautjándu öld eða lýsa þróun á toghlerum frá J. Hinrikssyni síðastliðin tuttugu ár. Ég gæti einnig sagt ykkur frá því sem er að gerast hér inni í tölvustofu nákvæmlega núna. Nú er Böddi til dæmis að koma inn og ræðir við Sigga teppi, sem er að prenta eitthvað og núna

fer hann aftur. Þá væri möguleiki að skrifa um sundtækni sæskjaldbaka eða bara um ekki neitt (sem þessi grein er reyndar að verða).

Ekkert af þessu er hins vegar nógu leiðinlegt til að ég geti staðið við það sem ég lofaði í upphafi. Þess í stað ætla ég að fjalla um leiðinlegustu bíómynd, sem ég hef á ævi minni séð. Það er myndin um *Smáfólkið*. Þegar ég og félagar mínir í Þrjúbíófélaginu gengum í átt að Borgarbíói, fyrir mörgum sunnudögum síðan, vorum við fullir tilhlökkunar. Nú skyldi barin augum ein myndnasta kvikmynd, sem framleidd hefði verið. En viti menn, myndin innihélt einn brandara. Til allrar hamingju er ég nú að mestu búinn að gleyma söguþræðinum, en hann var eitthvað á þá leið, að Kalli Bjarna var óttalega misheppnaður drengur og gat ekki neitt nema að stafa orð. Hann tók

síðan þátt í heilmikilli stafa-keppni, en þar tapaði hann og var bara býsna full á eftir. Boðskapurinn í þessari mynd er svo að það sé dulítið af Kalla Bjarna í okkur öllum (aumingja við), sem sagt, virkilega bjánalegt.

Nú ættu flestir þeir sem byrjuðu að lesa þetta að vera hættir því og er þá takmarkinu náð. En fyrst ég er á annað borð byrjaður að tala um hina barnhverfu kvikmyndahyggju er ekki úr vegi að segja lítillega frá öðrum myndum sem við félagarnir höfum séð upp á síðkastið. Skömmu eftir þessi leiðindi fórum við á *Kærleiksbirnina* og þar var sko allt morandi í góðmennsku og væntumþykju og allir voru voða voða væmnir og undu glaðir við sitt. Nema náttúrulega ljóti kallinn sem reyndar fékk að kenna á því seinast í myndinni. Myndin hafði slík áhrif að allir í salnum voru stjarfir og því voru engar óeirðir meðan á sýningunni stóð. Fyrir eigi alllönngu var svo þeyst á *Valhalla* hina sænsku og ólíkt mörgum sænskum myndum var hún ekki leiðinleg. Var hún með íslensku tali sem gerði hana jafnvel enn skemmtilegri (ég þoli ekki sænsku). Söguþræðinum verður ekki lýst hér, þeim, sem vildu kynna sér hann er vinsamlega bent á Snorra-Eddu (*Gylfaginningu*).

Af þessu öllu sést að mikið líf er í kringum Þrjúbíófélagið og enn viljum við ítreka mikilvægi þessa félags, sem starfar í þágu friðar og alheimskærleika. Því vonum við að næsta mynd verði bæði góð og skemmtileg svo tryggja megi hamingju öllum til handa.

Ástar- og saknaðarkveðjur, ykkar yndislegi Garpur.

Munið

frumsýninguna í kvöld á leikritinu Kertalog í uppfærslu LMA.

Jæja elskurnar, eftir mikið japl og jaml og fuður, stríð, streð og puð, hlátur og grát og allt þar á milli og í kring er loksins, loksins, loksins komið að frumsýningu Leikfélags Menntaskólans á Akureyri á stóra leikritinu í vetur! Og hana nú og hopp og hí og trall la la!

9. maí frumsýnum við hið magnaða leikrit Jökuls Jakobssonar, Kertalog, undir leikstjórn Erlu Ruthar Harðardóttur. Þetta leikrit fjallar um lífið, líf Láru og Kalla innan og utan veggja geðveikrahælis. Og í rauninni um svo óendanlega margt.

Leikendur eru: Sirra 3.B, Doddi 4.F, Guffa 4.F, Siggí 4.U, Drífa 3.B, Toggi 4.T, Sævar 3.B, Svana 2.T, Óli 2.T, Ármann 2.G, Bryndís 1.A, Fanney 2.A, Habbý 2.G, Sigga 1.D, Anna Lind 1.A, María 1.F og Þorgerður 1.F.

Þvílíkt klúður það væri ef þú gripir ekki gæsina áður en hún félli frá eikinni ofan í bakkafullan mælinn. Ha?



Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Fegursta kona skólans

Kamilla Rún

Í viðtali við Munin

Þetta viðtal var tekið við mjög frumstæðar aðstæður á Amtsbókasafninu. Hvorki ég né Solveig höfðum upp-tökutæki með okkur og því varð ég að punkta niður á meðan Solveig rabbaði við Kamillu Rún um landsins gagn og nauðsynjar. Því kann að vera að ekki sé allt alveg orðrétt en skítt með það.

Bergþór Hauksson (nemi í ritstjórn)

Fyrsta spurningin var „rútinu“ spurning: Hvernig líkar þér við Menntaskólann?

Bara mjög vel. Ég er á félagsfræðibraut og hef mikinn

áhuga á náminu. Fyrst ætlaði ég reyndar á stærðfræðibraut en gekk frekar illa svo ég hætti við og sé ekki eftir því, því ég er í alveg frábærum bekk.

Hvernig stóð á því að þú fórst í fegurðarsamkeppnina?

Ég var beðin um það og ákvað að grípa tækifærið.

En hvernig var undirbúningurinn?

Hann fólst aðallega í því að æfa sig að ganga á skóm með háum hælum. Það var talsvert erfitt þar sem ég hafði ekki gert mikið af því áður. Í sam-


bandi við sundbolina þá æfðum við alltaf í þeim og því var það auðvelt að koma fram á þeim.

Var gaman?


Já mjög gaman, við stelpurnar kynntumst mjög vel og áttum góðar stundir saman.

En titlarnir, bjóstu við að fá þá alla?

Nei alls ekki. Ég var ánægð þegar ég var komin með einn og þótti alveg nóg þegar þeir voru komnir tveir. Mér þykir vænst um vinsældatílinn því það eru stelpurnar sem kjósa hann.



Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson



Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Verðlaunin voru víst ríkuleg ekki satt?

Jú jú, meðal annars var 10.000 króna úttekt í Perfect og Skóhúsinu. Einnig var matur í Smiðjunni og Crown Chicken í verðlaun, auk lampa, skartgripa og ilmvatna.

En hvað með framtíðina?

Ég fer suður í Ungfrú Ísland 23. þessa mánaðar og síðan út til Flórída þann 29. Þetta stangast aðeins á við prófin hjá mér en ég ætla að semja um að reyna að taka þau sem flest. Ég býst ekkert frekar við að mér gangi vel í keppninni en ég geri mitt besta.

Nú dreymir margar fagrar stúlkur um að verða módel. Gætir þú hugsað þér það ef þér bærast tilboð?

Já ef það væri gott. Þá vildi ég helst vinna hér á Akureyri þó ég vilji klára skólann í þessum bekk sem ég er í núna.

En hvað ætlastu fyrir eftir stúdentinn?

Það er ekki ákveðið en ég gæti vel hugsað mér að fara í Háskólann í félagsfræði eða sálfræði. Ég hef mikinn áhuga á því.

Og þar með snéri Kamilla Rún, nýkjörin fegurðardrottning Norðurlands, að námsbókunum, sálfræði og félagsfræði. Muninn þakkar henni fyrir viðtalið og óskar henni góðs gengis í keppninni um titilinn Ungfrú Ísland. Megi sú fallegasta sigra!

ÍMA

Hér kemur smá-pistill frá hinu virta Íþróttafélagi Menntaskólans á Akureyri. Úrslit í vetur í hinum ýmsu íþróttagreinum eru sem hér segir:

Fótbolti kvenna bekkisagnamót: 2.F

Fótbolti kvenna bekkjamót: 3. bekkur.

Bekksagnamóti í fótbolta karla er ólokið. Í úrslitaleik spila 3.T og 3.U. Ég var beðin að geta frábærar frammi-stöðu Torfa Jóhannessonar í 3.U, en honum var víst líkt við Maradonna í þessari kepp-

ni. Þá er bara að sjá hvernig úrslitaleikurinn fer.

Bekksamót karla fer svo fram á KA-vellinum í vor.

Blak kvenna bekkisagna-mót: 2. bekkur A og B.

Blak kvenna bekkjamót: 2. bekkur.

Blak karla bekkisagnamót: 2.T.

Blak karla bekkjamót: 1. bekkur.

Blaklið skólans, sérstaklega þá karlmennirnir, hafa staðið sig með eindæmum vel í

vetur. Þeir urðu framhaldsskólameistarar en það mót fór fram á Laugum. B-liðið varð í 4. sæti. Strákarnir urðu svo í öðru sæti á Laugarvatnsmóti en þeir töpuðu úrslitaleiknum naumlega. Til hamingju með frábæran árangur strákar!

Í körfuboltanum var aðeins bekkjamót og karlakeppninni er reyndar ólokið. Stelpurnar í 2. bekk unnu 1. bekk nokkuð örugglega. 3. og 4. bekkur tóku ekki þátt.

Handboltamótið verður núna á næstunni og hvet ég alla bekki að vera með.

Ég þakka þeim sem hafa verið með í íþróttalífinu í vetur og vona að ÍMA verði ennþá öflugra næsta vetur.

Kær kveðja, „Stína stuð“.

Amstrad
&
Epson

tölvur og búnaður

Bókabúðin Edda

Hafnarstræti 100, sími 24334

Eigum mikið
úrval
rafmagnstækja
stór og smá.
Verðið kemur á
óvart.

Líttu inn það borgar sig




Rafstöckni

Ingvi R. Jóhannsson

Brekkugötu 7 - sími 26383



ÚR ÍÐRÓTTALÍFI VETRARINS



Nútímalist

- eftir Gísla Árna Gíslason

Mig langar til þess að ræða lítillega um list og menningu og þá túlkun sem þetta tvennt fær gjarnan. Ástæða þessara greinarskrifa er sú að Listadagar hafa vakið hjá mér hugrenningar sem ég verð að koma á blað. Ég vil byrja á að gera grein fyrir því hvernig ég skilgreini list og vísa jafnhliða til nútímalistar.

Í hnotskurn tel ég list vera eitthvað sem ákveðin ágætir mannlegir eiginleikar liggja bak við. Horfandi á listaverk skyldi hver ígrunda hvernig verkið orkar á hann. Hvort sem það er tónverk, málverk eða eitthvað annað, þá tel ég vera grunnatriði að það breyti andlegu ástandi þess sem horfir á það eða hlýðir. Listaverk sem þá nýtur hvorki né vekur hjá þér nein hughrif skyldir þú forðast að eyða tíma þínum í að skoða. Ef þú skoðar málverk bara af því að aðrir segja það vera gott, eða þá af því að hópur af frakkaklæddum mönnum, sem virðast afar meðvitaðir, eru að rökræða um það, þá ferð þú villur vegar.

Ekki er hægt að finna hvað er sönn list, en þó er ljóst að mikill hluti íslenskrar sem erlendirar nútímalistar þrífst í gifurlegu snobbi og „menningarhræsní“. Tökum sem dæmi sum þeirra listaverka sem voru til sýnis á Listadögum. Fáránlegir skúlptúrar og minniháttar myndir sem bera andlegri geldingu höfundanna glöggvitni. Þess háttar brak vil ég flokka sem algjöra niðurlægingu á mannsandanum og gróflega nauðgun á heilbrigðu gildismati. Þetta eru misheppnaðar tilraunir til fr-

umleika. Bak við þetta skólþ fagurfræðinnar liggja oft engir þeir hæfileikar sem lyfta mannum upp á það plan að geta kallast listamaður.

Þvílík hörmung það er að hlusta á suma nútímatónlist (sem dæmi eftir Áskel Mássón). Fáránlegir útúrdúrar úr tónlistarvitund okkar sem geta vart kallast annað en glamur og væl. Óhljóð sem eru hættuleg geðheilsu hvers sem á þau hlustar.


Það er ekkert annað en móðgun við gömlu meistarana og núlifandi „alvöru“ listamenn að menn sem dæla frá sér þessu drasli skuli vaða uppi og fá jafnvel styrki. Mennt sem draga hið fagra niður á plan fjöldaframleiðslunnar og ljót-leikans og telja okkur svo trú um að nútímalist sé frumleg, ættu ekki að komast upp með að lifa á styrkjum. Það veldur því að þeir komast hjá viðbjóði almennings og þurfa ekki að vera neinum ósnobbuðum manni háðir.

Nú eru sumir vísir til að rjúka upp til handa og fóta og segja að ég vildi sjálfur gera listina að iðnaðarvöru með því að gera hana háða almenningsálitinu. Ekki kæri ég mig um það, en á hinn bóginn tel ég þá list sem ekki þolir dóm almennings gjarnan vera sorp.

Hver kannast ekki við að hafa stillt á gamla Gufuradísíð og hrokkið í kút þegar nístandi væl nútímatónverks sker í hlustir. Viðkomandi stillir auðvitað strax aftur á Rás 2, Bylgjuna, Hljóðbylgjuna eða Stjórnuna og heldur áfram að hlusta á hið venjulega dægurgaul.

Þetta er aðeins hluti af því sem ég hefði getað skrifað, en ég vona þó að þið hafið orðið einhvers vísari um skoðanir mínar á þessum málum. En í Guðs bænum túlkið þetta ekki þannig að ég hatist við alla nútímalist!





Fjǫlarinn á þakinu

Miðasala opin
alla daga
kl. 14-18.

25% AFSLÁTTUR
fyrir skólafólk

U

Sími: 24073



Svikul ást

- smásaga sem segir sex...

Ég reif hana í tætlur. Ég henti henni í klósettið og sturtaði niður.

Myndin hafði verið af honum. Honum sem lagði lífi mitt í rúst. Við höfðum verið hamingjusöm. Ég var yfir mig ástfangin og stóð í þeirri meiningu að hann væri það líka. En svo gerði hann mér þetta.

Þetta byrjaði allt í skólanum. Ég í 2. bekk, hann í 4. bekk. Hann hljóp mig um koll í „löngu“. Ég féll fyrir honum í bókstaflegri merkingu. Hár og grannur með fallæg augu. Hann bauð mér í bíó, og að sjálfsögðu sagði ég „já“. En þetta var bara

byrjunin. Allan veturinn sveif ég um í draumaheimi. Um vorið útskrifaðist hann og fór að vinna. En ég fór heim í litla sjávarþorpið mitt. Um hverja einustu helgi kom hann íheimsókn.

Eina helgina komst hann ekki. En ég ætlaði að koma honum á óvart og fara til hans. Ég fékk lánaðan bílinn hans pabba og lagði af stað til hans. Hjartað í mér hoppaði þegar ég sá bílinn hans á hlaðinu heima hjá honum. Hann var heima. Ég fór beint inn eins og ég var vön. Ég opnaði dyrnar á herberginu hans. Það sem ég sá var eitt-

hvað sem mig hafði aldrei órað fyrir. Hann lá í rúminu sínu, með stelpu. Ég hljóp út og heyrði í honum á eftir mér kallandi einhver afsökunarorð. Ég hlustaði ekki.


Ég man ekki hvernig ég komst heim. Ég man bara þegar ég labbaði inn í herbergið mitt. Það sem tók á móti mér var skælbrosandi stúdentsmyndin af honum. Ég reif hana í tætlur. Ég henti henni í klósettið og sturtaði niður.

Laugfríður lata.

ER

Einkareikningur Landsbankans er tékkareikningur sem tekur öðrum fram: Háir vextir, kostur á yfirdráttarheimild, láni og margvíslegri greiðsluþjónustu. Reikningur sem er saminn að þínum þörfum í nútíð og framtíð.

Landsbanki Íslands
Banki allra landsmanna



Skýrslan

- smásaga eftir þá Imkroznirus og Zurkilovimusis

- Uss, hvað er þetta. Þessi pláneta er nú ekki svo merkileg að við nenum að vera að eyða heilu mirki í að skoða hana. Hún virðist þó hafa líf, það er meira en hægt er að segja um hinar pláneturnar í þessu sólkerfi.

- Ókei, skellum okkur niður smástund og skoðum okkur um.

- Fínt, bara eftir að fara í herminn.

- Eins gott að þú sért búinn að laga hann. Síðast breytti hann okkur í einhverja ómerkilega eðlu í stað litlu grænu fálmaranna.

- Já, við vorum heppnir að þeir voru ekki svangir!

Þeir stigu inn í herminn og umbreyttust á svipstundu í tví-fætta tvífálmara með tvö augu nef og munn í höfðinu. Sekúndubroti síðar gengu þeir um á ísköldu skítakeri í fötum sem þeir höfðu aldrei séð.

- Fáránlegt fólk maður!!

- Heldurðu?

- Hvað ætli þeir éti?

- Við skulum nú fyrst athuga hvar á plánetunni við erum.

Hann tók upp lítinn takka og ýtti á hann. Samstundis birtist 5 metra há veðurathugunarstöð.

- Hey, hvað ertu að gera maður, getur þú ekki einu sinni ýtt á réttu takkana. Hann roðnaði og pakkaði veðurathugunarstöðinni saman, skíthræddur um að þeir vektu of mikla athygli. Síðan tók hann upp rétta takkann og ýtti á hann. Takkinn breyttist í lítinn svifdisk sem sveif um (skrýtið!) og kíkta í öll hús bæjarins í leit að korti af staðnum. Hann komst að því að enginn átti kort svo að hann þurfti að fara á bókasafnið til aðfá það lánað.

- Af hverju varstu svona lengi, heimski úldni spanskgræni skítugi diskur? A maður

Gledilegt sumar!

Þú þarft ekki að leita lengra; rauðir pennar, kúlupennar, tússpennar, yfirstrikunarpennar, skrautskrifstarpennar, gulir pennar, málningarpennar, blekþennar, blýpennar, grænir pennar, merkþennar, filtpennar, blýpennar, bláir pennar, kúlutússpennar, svartir pennar, pennar, pennar, pennar, hvítir pennar, pennar, pennar, pennar, fjólubláir pennar, pennar, pennar, pennar og pennar.

Já, hvar heldurðu að þú fáir þetta, einmitt það sem þú þarft í prófunum?

Jú, það var víst alveg rétt hjá þér, nefnilega hjá okkur

BÓKABÚÐ
JONASAR sf. 

Hafnarstræti 108 - Sími: 96-22685

að frjósa í hel?

- Svar 1: Ég þurfti að fá bókasafnskort til að geta fengið kortið lánað. Svar 2: Nei. Athugasemd: Ég er ekki heimskur, úldinn spanskgrænn og skiftugur, heldur gáfaður, hræinn, óbeyglaður og gulur. P.S: Þú sem fékkst 3 í flatvíkkunardiffurartegringu.

Hlátur: Ha.

- Þegiðu bara og láttu okkur fá kortið.

Svifdiskurinn lét þá fá kortið og pakkaði sér hneykslaður saman. Þeir byrjuðu strax að skoða kortið með raf-eindapýðaranum sínum og komust að hræðilegri niðurstöðu. Þeir höfðu lent á einhverjum fáránlegum fámennum norðurhjarautkjálka sem hét Akureyri. Merkilegt þótti þeim að staðurinn skuli yfirleitt vera nafns virði. Þegar staðreyndirnar voru ljósar gat rannsóknin hafist.

- Eigum við að skoða þetta hola hrúgald þarna?

- Meinarðu þessi byggingarfræðilegu mistök þarna?

- Já.

Þeir gengu inn í hrúgaldið og voru fegnir því að komast af þessu hvíta slímuga drasli sem kom svífandi úr loftinu og settist á jörðina í stórum breiðum. Þeir dæstu (sbr. „aaahh“) af ánægju yfir því að vera komnir inn í hitann og leituðu að einhverju áhuga-verðu til að skrifa um til þess að geimferðastyrkurinn yrði ekki tekinn af þeim þegar þeir kæmu heim.

- Sérðu þetta!! Þessar verur sem búa hér skrifa ennþá á pappír!!!

- Ha! Hvað ertu að segja, þetta eru kannski villiverur?

- Slappaðu af, auminginn þinn, og hættum þessum öskrum því ég heyri bablið í verunum.

- Þeir fóru lengra inn í húsíð og komust að því að þeir höfðu rambað inn í einhvers konar stofnun því á veggjunum héngu margar verumyndir á stórum spjöldum. Þeim varð litið inn í eitt hólfíð sem öll höfðu það sammerkt að vera

númeruð, og sáu þar furðulega sýn. Ein yfirvera stóð þar fyrir framan fullt hólf vera og æpti skipanir út í loftið, en í stað þess að hlýða skipunum hans páruðu hinar verurnar bara eitthvað niður á þessa fornfálegu tréstöppuflatninga sína.

Rannsóknin hélt áfram og í næsta hólfí sem þeir skoðuðu var svipað upp á teningnum, nema þar var yfirveran með hár úr munninum (að því er virtist) og með gagnslauser sólhlífar fyrir augunum.

- Iss, þetta er ekkert merkilegt.

- Alveg er ég nú sammála. Skrifum bara eitthvert bull í skýrsluna og förum að skoða eitthvað annað, til dæmis hvað þeir éta.

Það varð úr að þeir hættu þessu vappi enda var ærin ástæða til. Þegar þeir voru að búa sig undir brottför glumdi aðvörunarbjalla og hópur vera þusti út úr hólfum sínum með ægilegum hávaða. Þeir urðu logandi hræddir og þar sem þeir vissu ekki hvað svona verur átu að staðaldri forðuðu þeir sér hið snarasta af hræðslu við að verða étnir. Þeir voru mjög óvanir því að hlaupa á tveimur fótum og voru því lengi að koma sér úr kallfæri en það tókst nú samt.

- Finnurðu lyktina?

- Nei, en þú?

- Nei.

Þeir héldu áfram í leit sinni að lyktinni og fundu loks hús með stórrí málaðri mynd af hvítu fiðraðri skepnu, en úr því streymdi að því er þeir töldu matarlykt. Þeir gengu inn og fengu sér sæti til að geta rannsakað inntökuaðferð vera af þessari tegund.

Þeir þurftu ekki að bíða lengi, því eftir skamma stund kom viðskiptavinur sem keypti sér fæði og settist niður rétt hjá þeim. Þeir urðu skelfingu lostnir, og þurrkuðu svitadropa af enninu.

- Hvílikar matarvenjur!!

- Veran er að rífa í sig lík af einhverju dýri, líklega því sem myndin var af á húsinu.

- Og sjáðu, það er líka að rífa í sig gula og fituga plöntustöngla og er að drekka einhvers konar loftbóludrykk!

- Þældíði, að drekka loftbólur!!

Þeir flýttu sér út til þess að þurfa ekki að sjá meira af þessum viðbjóðslegu mataróvenjum, reynslunni ríkari. Þeir bættu þessu öllu samviskusamlega í skýrsluna sína og fóru að hugsa sér til heimferðar. Þeir voru nú orðnir mjög andlega þjakaðir því þessar verur höfðu svo ógurlega niðurdrepandi áhrif á þá vegna skelfilegs lífsmáta þeirra. Þeir tóku upp einn takkann enn og ýttu á hann. Á svipstundu voru þeir komnir í geimskipið sitt á leiðinni heim á þreföldum ljóshraða.

Sýnishorn úr skýrslu geimveranna:

Lendingarstaður: Í vinstri hluta Itivfláh, þriðja pláneta frá sólinni Guslumbusl.

Íbúar: Fáir og fáránlegir.

Menning: Lítilfjörleg menning á menningarstigi Rugelgros prímatans.

Matarvenjur: Verurnar aðhyllast neyslu sundurbútaðra líkampa af fiðruðum furðuskepnum.

Athugasemd: Stórvarasöm pláneta!!!

Imkroznirus og Zurkilovmusis.





Muninn: Rannveig Ármannsdóttir

Ævintýraferð og ekki ævintýraferð

- Rannveig Ármannsdóttir skrifar um Selfossferðina

Þegar ónefndur maður innan skólans kom að máli við mig og bað mig um að skrifa um þetta ævintýraferðalag þá ákvað ég eftir nokkra umhugsun að slá til.

Við lögðum upp á tveimur rútum um fjögurleytið þann 17. mars. Reyndar var veðrið ekki eins og best verður á kosið og fengum við brátt að kenna á því eða fljótlega eftir að kom á Öxnadalshéiðina. Það fyrsta sem augað nam þegar á héiðina kom voru þrjú ungir drengir, sem höfðu gerst svo djarfir að ætla sér yfir um á Mözdu. Þeir urðu nú að gefa það upp á bátinn og Mazdan

var skilin eftir uppi á miðri héiði. Þeir komu sér svo fyrir í rútinum tveim og þar var þeim holað niður á milli stúlnanna og líkaði engum illa.

2 tímar í einni brekku...

En nú hófst u.þ.b. tveggja tíma barátta við eina brekku, og í þessari brekku voru nokkrir bílar fastir í skafli. Það vafðist þó ekki fyrir okkar hraustu drengjum sem snör-uðu sér út í óveðrið, helst sem minnst klæddir, og ýttu öllu sem fyrir var það sem eftir var leiðar. (Reyndar var þetta eina

hetjudáðin sem þeir drýgðu í þessari ferð, allavega fóru þeir ekki á kostum á Selfossi).

Smám saman fór að lifna yfir fólkinu og gítarinn var dreginn fram og var sungið mikið og lengi. Í hinni rútinu, þar sem meðal annarra voru Siggigeit, Böddi, Bjarni, Siddi og fleiri góðir voru kveðnar rímur af miklum krafti.

Eftir langa og erfiða ferð, 12 tíma, komum við til Selfoss nær dauða en lífi (ekki alveg satt). Þar hófst skoðun á þessum glæsta skóla sem einkennist af miklum gleurrúðum og stórum svölum. Vakti skólinn almenna hrifningu og

var ekki laust við að sumir hugsuðu til síns heima!

Nú var okkur komið fyrir í gríðarstórum sal, sem vegna okkar var girtur af með tréveggjum. Um fjögurleytið var komin ró á leið og hélt hún næstu fjóra tíma eða þar til Selfyssingar mættu í skólann

Hávaðin á við svæsnustu party

næsta morgun. Og það voru sko engin smá læti, þetta jafnaðist fyllilega á við hávaðann í svæsnustu partyjum menntskælinga, og þar sem ekki var lengur til „svefns“ boðið drifu flestir sig á fætur og í sund enda fólk farið að láta á sjá eftir ferðavolkið.

Eftir sunnið lagði ég leið mína í kaupfélag þeirra Arnesinga og missti þar af leiðandi af keppni í sunni. Þar báru reyndar aðrir en við sigur úr bítum og ber að hafa sem fæst orð um það.

Rétt upp úr hádegi hófst svo keppni í þessum venjulegu greinum. Úrslit ætla ég ekki að tíunda (af skiljanlegum ástæðum strákanna vegna) en þó langar mig að geta þess að frammistaða stúlknanna var með eindæmum, unnu þær t.d. körfuna 17-2 og það var þeim að þakka að við gátum litið framan í Selfyssinga.

Unnu Selfyssinga 17-2...

Reyndar voru skólarnir jafnir að stigum eftir allar keppnisgreinarnar en vegna frammistöðu stúlknanna eftirléttu þeir okkur bikarinn sem í boði var. Að vísu verður hann ekki hér nema hálf ár og hálf ár syðra.

Á kvöldvöku sem haldin var um kvöldið voru skemmtiatriði menntskælinga til fyrirmyndar, og sérstaklega vöktu blúsararnir Halli, Stulli, Torfi Halldórs., Einsí Sigtryggs. og María, sem Sverrir Páll skipaði, verðskuldaða athygli.

Síðan var farið að tygja sig til fyrir dansleikinn sem haldinn var okkur til heiðurs. Langflestir okkar manna plús Jón Már fóru á ballið en Sverrir Páll varð eftir til að líta eftir hinum. Þessir hinir lögðu sumir leið sína til hinna ýmsu „pöbba“ staðarins og skemmtu sér betur en allir aðrir að eigin sögn. Eftir rúmlega hálf tíma keyrslu komum við á áfangastað og eftir mikinn troðning komumst við loks inn. Þarna inni voru þvítík drykkjulæti og önnur læti að hinir hugprúðu MA-ingar stóðu á öndinni. Þeir áttuðu sig þó í tíma og söfnuðust saman

Drykkjulætin með ólíkindum

í stóran hóp fyrir framan sviðið undir „syngjandi“ hendi



Muninn: Rannveig Árnasmóttir

Húsakynnin eru glæsileg, m.a. stærsti gluggi á Íslandi.

söngvarans í Lótus, sem allar stelpurnar féllu fyrir á stundinni og staðnum. Reyndar veitti hann okkur líka athygli og léku hann og félagar hans fyrir okkur óskalög. Þar bar hæst lagið „Twist and Shout“ sem varð hálf gert einkennislag ferðarinnar.

Um eittleytið var meirihluti


MA-inga sestur og farinn að horfa sljólega í kringum sig. Fólkíð var orðið of þreytt til að skeyta nokkuð um fljög-

Fólk horfði sljólega í kringum sig...

andi stóla og flöskur. Því var það undir styrkri stjórn æðstu manna að við ákváðum að halda heim á leið, þ.e. til Selfoss. Þar steinsofnaði ég um leið og síðan ekki söguna meir fyrir en næsta morgun að við vorum drifin á fætur og fyrir hádegi vorum við komin til borgarinnar í suðri þar sem leiðir okkar allra átti að skilja í bili.

Að vísu hittust flestir í Kringlunni, þennan laugardag og Sverrir Páll, sem einnig var þar staddur, notaði tækifærið og merkti samviskusamlega

við, eins og honum einum er lagið. Laugardaginn notuðu flestir til að fara í bíó, heimsóknir eða í Kringluna, en fæstir höfðu orku til að fara á ball, það voru þó einhverjir. Um hádegi á sunnudag var svo lagt af stað heim. Ekkert markvert gerðist á heimleiðinni, nema það helst að það



Muninn: Ramnveig Ármannsdóttir

Hvað eru margar dýnur á myndinni?

hvellsprakk á annarri rútunni og mátti koma stórum karlmannshnefa fyrir í gatinu.

Litlu munaði að illa færi þegar hvellsprakk á annarri rútunni

En heim komumst við heilu og höldnu og renndum við í hlað um 9 að kvöldi.

Ekki var um neina fagnandi móttökunefnd að ræða en við þóttumst vita að það væri vegna kuldans og létum það ekki á okkur fá heldur héldum hvert til síns heima. Ferðalaginu var lokið.



Muninn: Ramnveig Ármannsdóttir

Setja mátti stóran karlmannshnefa í gatið.



Stúdentafötin í ár eru frá:

YOU & ME

Made in Italy

PANMO

Made in Holland

Z-Victory

Made in France



Herradeild
Gránufélagsgötu 4
Sími 23599

Annáll MFH

- stjórn MFH segir frá



Muninn: Jón Hjalti Ásmundsson

Aðalfundur

Aðalfundur Málfundafélags Hugins var haldinn fimmtudaginn 15. október 1987 klukkan 15:15 í Möðruvallakjallara. Kristján Ingimarsson formaður MFH stýrði fundinum og fundarritari var Helga Björg Jónasardóttir.

Fyrst var starfsemi félagsins kynnt en síðan auglýsti fundarstjóri eftir framboðum í störf ritara og þriggja meðstjórnenda. Þrjú framboð bárust í ritara og 5 í embætti meðstjórnenda.

Eftir að frambjóðendur höfðu komið upp og kynnt sig ásamt sínum loforðum, var gengið til kosninga.

Eftirfarandi frambjóðendur hrepptu hnosið:

Ritari: Hrafnhildur Brynjólfsson.

Meðstjórnendur: Unnur Mjöll Dónaldsdóttir, Þórhallur Mátsson og Hildur Elísabet Pétursdóttir.

Dómaranámskeið

Í upphafi starfsársins barst bréf frá stjórn Morfís um að haldið yrði dómaranámskeið á vegum Morfís í Menntaskólanum við Hamrahlíð og gafst okkur kostur á að senda fulltrúa á námskeiðið. Stjórnin ákvað að senda tvo fulltrúa því enginn dómari með réttindi var í skólanum. Við auglýstum námskeiðið og fengum nokkrar umsóknir. Þau sem valin voru til fararinnar voru Einar Logi Vignisson og Hrafnhildur Brynjólfsson. Flugsamgöngur voru slæmar

þessa daga og náðu því fulltrúar MA aðeins hluta af námskeiðinu. Þau náðu bæði dómaraþrófinu og hafa þau starfað mikið við dómgaeslu í vetur.

Laugvetningaheimsókn

Fyrsta alvöruverkefni hinnar nýkjörnu stjórnar var að undirbúa ræðukeppni á móti Laugvetningum sem voru að koma í heimsókn. Stjórnin

in ræðumaður kvöldsins og var vel að því komin. Meðan keppnin stóð yfir vaknaði sú spurning hvort það væri barkakýlið sem lengdist og stýttist þegar maður talar, en nóg um það.

Skeiðklukkan

Til að hafa betri tök á tímnum ákvað stjórnin að kaupa



Muninn: Jón Hjalti Ásmundsson

Hin virðulega stjórn MFH.

boðaði til opins fundar til að velja lið á móti þeim og mættu fjölmargir. Eftir að allir fundargestir höfðu spreytt sig á miðaræðum skar dómnefnd úr um hverjir skyldu keppa. Það kom í hlut Bjargar Björnsdóttur, Helgu Kristjánsdóttur og Þorvaldar Lúðvíks Sigurjónssonar.

Nú hófust þrotlausar æfingar svita og tára og stóðu þær yfir í nokkra daga, en svo rann keppniskvöldið upp þann 31. október. Lið Laugvetninga var skipað þremur stálpuðum strákum en okkar lið reyndist sterkara á velli og sigraði. Helga Kristjánsdóttir var kos-

skeiðklukku. Þórhallur (Tóti) var valinn til verksins og sinni hann því fljótt og vel.

Ferð til Fjarðar ísa

Snemma í nóvember tilkynnti Rás 2 okkur í beinni útsendingu að MA ætti að keppa á móti MÍ í Morfís-ræðukeppninni og skyldi keppnin fara fram á Ísafirði. Boðað var til opins fundar um málið og dómnefnd fengin til að velja liðið.

Liðið var skipað eftirfarandi mönnum:



Liðsstjóri: Hlynur Hallsson
Frummælandi: Björg Björns-
dóttir

Meðmælandi: Orri Páll Or-
marsson

Stuðningsmaður: Björn Ár-
sæll Pétursson

Þessi hópur ásamt stjórn
MFH og nokkrum þjálfurum
hélt svo í æfingabúðir austur í
Vaðlaheiði, á stað þann er
Útgarður heitir. Þar var æft st-
íft og ræður samdar.

Svo var haldið til Ísafjarðar
ásamt stuðningsmönnum. Þess
ber að geta að við töpuðum
þessari keppni. (Nánar er sagt
frá ferðinni í 2. tbl. 61. árg.
Munins).

Ræðunámskeið MFH

Í byrjun vorannar ákvað
stjórn MFH að halda ræðu-
námskeið. Til að framkvæma
slíkt þurfti leiðbeinanda og
höfðum við upp á einum slík-


um, henni Hrönn Friðriksdótt-
ur. Hún er í JC Súlum á Akur-
eyri og þótti kjörin í starfið.

Þetta var sex kvöldna nám-
skeið og þátttakendur voru 18
en hefðu mátt vera aðeins fle-
eiri. Farið var í flest alla þætti
fundarskapa, þ.m.t. ræðuflut-
ning, ræðugerð, fundarstjórn,
almenn fundarsköp og fleira.

VMA-MA dagar

Þegar VMA-MA dagar voru
var keppni milli skólanna í hin-
um ýmsu greinum, þ.á.m.
ræðukeppni. Ræðukeppnin fór
fram á kvöldvöku sem haldin
var í Dynheimum og áttust
þar við tvö sterk lið.

Okkar lið var skipað



Muninn: Jón Hjalti Ásmundsson

Og hananú...

KERAMIK
GALLERY
HAFNARSTRÆTI 103
Magníffousdóttir



Allar myndatökur



Skipagötu 8,
Akureyri

eftirfarandi mönnum:

Liðsstjóri: Unnur Mjöll Dónaldsdóttir

Frummælandi: Stefán Gunnarsson

Meðmælandi: Solveig Sturlaugsdóttir


Stuðningsmenn: Starri Heiðmarsson

Um umræðuefnið er það að segja að MA mælti svo fyrir að danskennsla yrði tekin upp í stað leikfimi. VMA var á móti.

Lið MA kom vel undirbúið og vann verðskuldaðan sigur. Ræðumaður kvöldsins var Stefán Gunnarsson 2.B.

Kosningar

Af velviðráðanlegum orsökum misstum við Þórhall Máss-



son meðstjórnenda úr stjórninni snemma á vorönn og varð því að kjósa annan í hans stað. Tvö framboð bárust í embættið, framboð Solveigar Sturlaugsdóttur 1.E og Jóns Hörðdal Jónassonar í 1.G. Solveig sigraði í þessari kosningu og starfar hún nú með okkur í stjórninni.


Fyrir stuttu fóru fram skólafélagsstjórnarkosningar og var þar kosið í mörg embætti, þar á meðal formann Málfundafélagsins. Þar var aðeins einn frambjóðandi, hún Unnur Mjöll Dónaldsdóttir og hlaut hún góða kosningu.

Bekksagnamót

Bekksagnamót MFH í ræðumennsku hófst 23. febrúar síðastliðinn með keppni 4.T og 3.U. Keppt var eftir nýjum reglum fyrstu umferðina, en í annarri umferð var skipt yfir í Morfísreglurnar örlítið endurbættar.

Keppt er um veglegan farandgrip og er keppnin mjög spennandi eins og stendur. Aðeins 4 lið eru eftir og eru því úrslitin á næsta leiti.

Úrslit úr keppnum sjást á meðfylgjandi töflu.



Tafla er sýnir úrslit ræðukeppnanna í vetur.

Lokaorð

Farið hefur verið hratt yfir sögu í þessum annál en við vonum að það helsta hafi komist til skila.

Eins og nemendur sjá hefur starf félagsins verið með miklum blóma í vetur og vonum við að svo verði einnig í framtíðinni.

Við þökkum ykkur fyrir samstarfið og þökkum svo bara fyrir okkur.

Bless mæjóness,

Stjórn MFH:



Muninn: Kjartan Þorbjörnsson

*Kristján Ingimarsen
Vinnur Hjöll Donaldsdóttir
Sildur Elisabet Pétursdóttir
Hrafnhildur Brynjólfsson
Schweig*



„I am the greatest!“



„Með köldum kveðjum“
Garfield.

Leikfangamarkaðurinn París hf
Hafnarstræti 96, sími 27744
Akureyri

Ratúb

Hugarfóstur

Segðu mér ekki
það sem þú heldur að ég vilji heyra
því það vil ég ekki.

Spurðu mig ekki
að því sem þú heldur að ég viti
því það veit ég ekki.

Gefðu mér ekki
það sem þú heldur að mig langi í
því það langar mig ekki.

Leitaðu mín ekki
þar sem þú heldur að ég sé
því þar er ég ekki

Einn daginn verð ég farinn
og þú spyrð:
„Hver var hann?“

Bakaradrengrurinn

Æskuást

Þar sem ég ligg í fjörunni
og læt sjóinn freyða um tærnar,
hugsa ég.

Undarleg tilfinning grípur um sig
innan í mér.
Magnast upp.
Herjar á sál mína.

Draumur sem ásakar mig
"af hverju fékk ég ekki að rætast?"
Yfirvinnur mig
og skilur mig eftir gersigraðan
og ég veit ekki lengur
um hvað ég á að hugsa.

Bakaradrengrurinn

Íhugun um Þarmarally.

Eina ástin.
Ástin eina
labbaði á braut.
Það var í lagi,
ég átti tyggjó.
Þá.

Nágranna blús í Transylvaníu.
Vindurinn settist
leit út um gluggann.
Sá mann og annan,
gat sér einum um kennt.

Sumarkvöld að haustlagi
lífill fugl á grein
skröltandi bíll.
Sæmileg kyrrð og ró,
laufblöð blakta.

Viður + maður (Daginn eftir)
glóð í sígarettu.
Húgleiðingar pæling.
Föt á stangli.
Ríðandi skítur!
(þýtt úr ensku)

"99" 78,-25/2 "84" 5/7

Brotið blað

Ég gekk fyrir batteríum
- stundum.
En ekki lengur.

Þú kipptir þeim úr sambandi.
Þú
yndislegi morðingi.

Bakaradregurinn

Hungur

Við sjáum í hillungum ókunnug lönd
sem hlæjandi fólk á sólríkri strönd
við neitum að horfa, neitum að hlusta
en ginkeypt við glápum á glaðbeitta fursta
golfvelli reisa í Sahara miðri
en sjáum ekki sorann undir niðri
hver skal dæma, og með hvaða rökum
þá sál er myrðir af hungursökum.

Bakaradregurinn

Þú

Þú og ég - sumar og sól
saman við sungum
um fatlað fól
þú sagðist elska mig
- þótt ég ynni í sorpi
og við keyptum okkur íbúð
í blokk úti í þorpi
rétt fyrir jól.

Bakaradregurinn

Tannlæknirinn

Þú sagðir að ég væri sæt
þú sagðir að ég væri stór
þú sagðir að ég væri dugleg
þú gafst mér hring!
Óóó, hvað ég er skotin í þér.

Bakaradregurinn

Ósk

Ég óska mér
- stundum

Bakaradregurinn

Úr innstu hugskotum hins námsfúsa
nemanda. Nokkur ljóð:

þetta hér
fellur mér
skólinn alveg búinn
og Jói orðinn lúinn
ég inn að skinni
peningum er rúinn
verkfallsdraugurinn
er flúinn

steini og olli 5W

fyrir utan
gluggann
fellur snjórinn
eins og
stórar
froðuplastskúlur

steini 5W

laufið fellur af trjánum
þegar haustið ber að dyrum
eins og þegar blaðburðarstrákurinn í húsinu
á móti
bankar og rukkar
fyrir áskrifatargjaldið sept-okt

steini 5W

ég sit í sögutíma
hjá Róberti
og reyni að ríma
en það er ekki hægt því að
Pési er perverti

steini 5W

ég sit ennþá í sögutíma
líka hjá Róberti
ég reyni ekki að ríma
en það gengur hægt

steini 5W

Skákþáttur

Á dögunum kom til ritsjóra maður með skákþátt sem hann taldi rétt að birta í blaðinu. Verðu ritsjóri hér með við þeirri bón hans og sjáum við hér hvar Árni G. Hauksson 4.X og Valur Sæmundsson einnig 4.X heyja baráttu sína.

Blindskák tefld að kveldi 26.04 á kennarstofu M.A undir kultiveruðum umræðum um Sjálfstætt fólk.

Títtir skák tefla
trauðla gengur það.
Kónginn við skulum kefla
og komónum í það.

Vinstra megin eru leikir Árna en hægra megin eru leikir Vals.

1.	e4	-	e5
2.	Rf3	-	Rc6
3.	Bc4	-	Rf6
4.	0-0	-	Be7
5.	He1	-	0-0
6.	c3	-	b6
7.	d4	-	He8
8.	Bg5	-	Bb7
9.	d5	-	Rb8
10.	Rh4	-	d6
11.	Rf5	-	Rbd7
12.	Rxe7	-	Dxe7
13.	Bb5	-	h6
14.	Bxd7	-	Dxd7
15.	Bxf6	-	gxf6
16.	Dh5	-	Kh8
17.	Dxh6+	-	Kg8
18.	He3		
	1	-	0

NEMENDUR

Gleðilegt sumar og
gangi ykkur vel í
prófunum

slippstöðin H.F.





Við lofuðum að birta allt sem kom í kassann og
hér er það komið. Við þökkum ykkur kærlega fyrir
framlag ykkar í þetta blað.


Þjóðbók Muninn



Blað menningar og lista í MA





Það var víst filma í vélinni





Ljósmyndir: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Einkaviðtal Munins við DONALD WOODS

- eftir Sigurð Magnason og Jón Gauta Jónsson

Donald Woods, landfl-
óttaritstjóri frá Suður-Afrí-
ku, er aðalpersóna kvik-
myndarinnar Hróp á frelsi.
Myndin segir frá kynnum
hans af blökkumannaleiðtog-
anum Steve Biko og viður-
eign þeirra við Apartheid-
kerfið í Suður-Afríku. Hún
lýsir atburðum sem gerðust
fyrir rúmum áratug, þegar
Biko var pyntaður til dauða
í fangelsi. Woods og fjölsk-
ylda hans náðu að flýja til
Bretlands, en stór hluti
myndarinnar sýnir ævintýr-
alegan flóttu þeirra.

Donald Woods var heið-
ursgestur á frumsýningu
myndarinnar í Reykjavík á
dögnum og ávarpaði bíó-
gesti. Myndin hefur vakið
mikla athygli á stöðu mála
í Suður-Afríku, hér sem
annars staðar. Allir betri
fjölmiðlar landsins fjölluðu
um myndina og tóku viðtal
við Woods, og Muninn var
þar engin undantekning.

Tveir blaðamenn Munins
mæltu sér mót við Woods
og tóku hann tali. Viðtalið
var tekið á Hótel Borg þann
28. mars sl.

Okkur lék forvitni á að vita
hvað hefði tekið við eftir
flóttann.

Það var í janúar 1978 sem
við fjölskyldan komum til Lon-
don eftir flóttann frá Botswana.
Við vorum svo upptekin
af því að komast klakklaust út
úr Suður-Afríku að ég hugsaði
aldrei út í peningahliðina. Í
Suður-Afríku var ég mjög vel
stæður en þegar við lentum í



Lokaáfangi flóttans. Woods og fjölskylda komin til
Lesoto, á flóttu undan S.A. öryggislögreglunni.

London áttum við einungis
320 pund, 7 manna fjölsk-
ylda. Þá sló það mig skyndi-
lega að nú þyrfti ég ætti að
framfleyta sjö manns á blaða-
mannalaunum einum saman.
Og það er dýrt að búa í Lon-
don.

En ég hafði heppnina með
mér. Fljótlega var hringt í mig
frá New York. Það var um-
boðsmaður sem sér um að út-
vega fyrirlesara og bauð mér
til Bandaríkjanna í fyrirlestrar-
ferð. Upp frá því hef ég átt
þess kost að fara í fyrirlestrar-
ferðir til Ameríku auk þess að
skrifa blaðagreinar í London
og gera þætti fyrir útvarp og



Donald Woods og Jón Gauti
á Hótel Borg 28 mars.



Steve Biko var einn helsti leiðtogi blökkumanna í S.A. og góðvinur Woods. Hann var myrtur í fangelsi árið 1977.

sjónvarp. Svona hef ég getað séð okkur farborða.

Blaðaútgjafendur um allan heim hafa sýnt mér mikla samstöðu, því þegar ritstjóri einhvers blaðs kemst í kast við ríkisstjórn lands síns rísa allir hinir upp til varnar. Þetta er ástæðan fyrir því að ég hef víða fengið að skrifa greinar fyrir ýmis blöð.

Ég hef einnig farið á milli ríkisstjórna til að kynna ástand mála í Suður-Afríku og hvetja til aðgerða gegn stjórninni í Pretoríu. Ég hef m.a. verið í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Belgíu, Finnlandi og nú er ég á Íslandi. Ég lít á þetta sem hluta vinnu minnar. Og börnin mín hafa aldrei séð föður sinn leggja jafn hart að sér og þessi 10 útleigðarar, sem hafa verið þrotlaus vinna. Ég var ekki vanur að vinna svona mikið í Suður-Afríku.

Þótt Woods sé nú einn þekktasti hvíti baráttumaðurinn gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni, var sú tíðin að hann var fylgjandi henni. Í sjálfsævisögu sinni *Asking for trouble*, segir hann frá viðhorfum sínum

þegar hann var á framhaldsskólaaldri. Hvernig voru námsárin?

Ég gekk í kaþólskan skóla. Slíkir skólar voru mjög virtir og þar ríkti strangur agi, en við fengum mjög góða menntun.

Hvítum börnum í S.A. er almennt innrætt kynþáttahatur, og ég var þar engin undantekning. Það hjálpast allt að, sjónvarpið, útvarpið, blöðin... Við vorum heilapveg-in og litum einungis á svertingja sem þjóna okkar. Við hugsuðum bara svona.



Kennararnir í skólanum mínum, sem voru írskir munkar, voru hinsvegar andsnúnir aðskilnaðarstefnunni. Við strákarnir litum svo á að þá skorti bara skilning á vandamálinu. Þetta viðhorf er mjög útbreitt meðal hvíttra í Suður-Afríku. Útlendingar sem gagnrýna Apartheid-stjórnina þykja afskiptasamir og því er haldið fram að útlendingar skilji ekki vandann. En þetta er alrangt. Þvert á móti eru það þeir sem sjá ástandið utanfrá sem hafa möguleika á að sjá hvað er að.

Þú fórst í laganám eftir menntaskólaárin.

Já, og það reyndist mér

mjög gagnlegt í blaðaútgáfunni. Það er mikilvægt fyrir ritstjóra að þekkja lögin, vita hvað má birta og hvað ekki. Í ritstjórnartíð minni voru í gildi 23 lagaákvæði sem takmörkuðu það sem mátti birta í fjölmiðlum. Jafnvel fyrir tíu árum var enn hægt að segja ýmislegt sem ekki er leyft í dag.

Annars fór ég í laganám vegna þess að ég hélt að faðir minn vildi að ég gerði það. Í raun langaði mig til að verða blaðamaður, svo ég snéri mér seinna að því. Ég dvaldist erlendis í tvö ár og lærði blaðamennsku í Englandi og Ameríku. Það varð mér mikils virði. Þarna sá ég í fyrsta sinn svarta og hvíta lifa saman í sátt og samlyndi og það fékk mig til að hugsa að ástandið í S.A. væri ekki eins og það ætti að vera. Þessi ferðalög voru þannig mikilvægur hluti af minni menntun.

Seinna varstu ritstjóri í 12 ár hjá einu elsta dagblaði í S.A., *The Daily Dispatch*. Hvað er að fréttu af því núna?

Já, blaðið er núna um 150 ára gamalt. Síðan ég yfirgaf það hefur lítið farið fyrir því. Það gagnrýnir ekki lengur ríkisstjórnina, svo sorglegt sem það er. Enda býst ég við að blaðamenn yrðu lokaðir inni ef þeir gerðu það. Lögin eru



orðin svo ströng núna, og það er erfitt fyrir mig að dæma þá héðan.

Hvernig upplifðir þú upphaf Apartheid?

Það var í kosningunum 1948 sem Þjóðernisflokkurinn komst til valda. Þá gerðist það svo til á einni nóttu að allsstaðar voru komin skilti sem á stóð „whites only“ eða „blacks only“. Upp á síðkastið, - síðustu fjögur árin eða svo -, hefur megnið af þessum skiltum verið fjarlæggt, en þau voru aðeins lítill hluti af heildarmyndinni, eins og toppur borgarísjakans. Það eru í gildi 317 lög um kynþáttaðskilnað í landinu, aðeins fimm hafa verið numin úr gildi. Þannig eru mörg kynþátalög eftir. Mikilvægasta ákvæðið er um það að 85% þjóðarinnar, allir blökkumenn, hafa ekki kosningarétt.


Heldurðu að stjórnin muni gefa þetta ákvæði eftir?

Stjórnin mun aldrei gefa svörtum kosningarétt af fúsum vilja. Hinsvegar býst ég við að þessi breyting verði, en það muni þurfa átök til.

Hvernig lýsir þú núverandi ástandi í Suður-Afríku?

Það fer versnandi! Það hefur versnað mikið frá því fyrir tíu árum, því að kynþáttahatur hinna hvítu hefur enn aukist og jafnframt reiði innfæddra. Ríkið ritskoðar efni allra fjölmiðla, svo það er margt sem gerist, t.d. tíðar óeirðir, sem ekki má segja frá.

Mér sýnist stefna í enn frekari átök. Ég reiðist mjög þegar ég hugsa um þetta, því að sama vitleysan og gerðist í Rhodesíu er að endurtaka sig þarna: Ungt fólk er sent út í opinn dauðann á vígstöðvunum. Fjöldi hvíttra og svartra ungmenna á eftir að láta lífið að óþörfu, því að á endanum



mun hvort eð er verða samið. Því segi ég: Hví ekki að semja nú, áður en blóðbaðið verður enn meira?!

Hverju spáir þú um framtíðina?

Svarti meirihlutinn mun sigra. Hversu langan tíma sem það tekur þá mun hann sigra á endanum. Því lengur sem hvítir streitast á móti því stærri verður ósigur þeirra.

Sjáðu til. Þessi hvítu 12.5% íbúanna hafa haldið 80% landsins fyrir sig. Ranglætið er svo hrikalegt og svartir í svo yfirgnæfandi meirihluta, að hvíti minnihlutinn mun neyðast til að láta af völdum.



Hvaða þýðingu telurðu að síðustu aðgerðir ríkisstjórnar Suður Afríku muni hafa?

Nú hafa yfirvöld bannað allar friðsamar aðgerðir, sem hlýtur að ýta undir ofbeldi af hálfu svartra. Auk þessa leyfa þau ekki að fréttir af átökum svartra og hvíttra séu birtar, einungis ef átökin eru milli svartra innbyrðis. Þannig fær heimurinn þá mynd að það séu einungis svartir sem eiga í deilum. En þetta er mjög ýkt. 90% svartra standa mjög sameinaðir. Það er aðeins lítill hluti sem sker sig úr, en stjórnvöld láta sem það sé mun stærri hópur.

Nú hef ég heyrt í fréttum að fjöldi samtaka svartra deili innbyrðis um leiðir í baráttunni...

Ég leyfi mér að fullyrða að það eru aðeins ein samtök meðal svartra í raun á móti meirihluta þeirra. Ríkisstjórnin reynir eftir mætti að veita þessum samtökum meiri áhrif, því hugmyndafræði þeirra hentar henni vel.



Beita þessi samtök ofbeldi?

Já, þau hafa gert það upp á síðkastið. En þau eru í raun að hjálpa stjórninni, með því að vinna gegn refsiaðgerðum og

efnahagsþvingunum. Þessu er síðan slegið upp í fréttum sem einhliða áróðri um að svartir Suður-Afríkumenn séu á móti refsiaðgerðum.

Hvað getum við Íslendingar lagt af mörkum í baráttunni gegn Apartheid?

Þið getið farið að dæmi hinna Norðurlandanna og sett viðskiptabann á Suður-Afríkustjórn, stutt alþjóðlegar refsiaðgerðir og lagt niður opinber samskipti við landið. Í stuttu máli: Það þarf að einangra stjórnina eins og hægt er. Sjáðu nú til: Ef við gerum þetta ekki mun ríkisstjórn Suður-Afríku ekki sjá neina ástæðu til að hefja samningaviðræður við leiðtoga svartra. Ef við hinsvegar þrýstum á hana með efnahagsþvingunum og gerum henni ljóst að hún


stendur ein, tel ég von til að hún fái að samningaborðinu.

Samningaviðræður við raunverulega leiðtoga svartra er lykillinn að friði þarna.

Hvað segirðu um þá fullyrðingu að refsiaðgerðir komi verst niður á þeim sem við viljum hjálpa, - svörtum?

Þeir sem halda þessu fram eru flestir á móti refsiaðgerðum vegna eigin viðskiptahagsmuna. Helstu talsmenn þessa sjónarmiðs auk S.A.-stjórnar eru t.d. Reagan og Thatcher.

Hlustum á það sem svartir hafa að segja. Steve Biko var vanur að segja að maður yrði alltaf að spyrja fórnarlömbin, en ekki kúgarana. Langflestir leiðtogar svartra hvetja til refsiaðgerða gegn stjórninni. Þeir vita manna best hvað mun hjálpa þeim.



Steve Biko og Dr. Mamphela Ramphele. Það var fyrir tilstilli Dr. Ramphele að fundum þeirra Biko og Donalds Woods bar saman.



Donald Woods í Hvíta húsinu með Carter forseta og Mondale varaforseta.



Donald Woods og Wendy Woods hjá Sameinuðu þjóðunum. Donald var fyrsti óbreytti borgarinn sem var boðið að ávarpa Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.



Leikararnir Kevin Kline (Donald Woods) og Denzel Washington (Biko).

Snemma á þessu ári var nýjasta stórmynd Richards Attenboroughs, *Hróp á frelsi*, frumsýnd víða um heim. Hún byggir að mestu á tveimur bókum eftir Donald Woods; *Biko* og *Hróp á frelsi*. Attenborough fékk til liðs við sig handritshöfundinn Briley, þann sama og gerði handritið að Gandhi. (Þeir fengu báðir Óskarsverðlaun fyrir hlut sinn í Gandhi, en alls fékk hún 8 slík). *Hróp á frelsi* var tilnefnd til 3ja Óskarsverðlauna, m.a. var Denzel Washington tilnefndur fyrir besta karlauka-hlutverkið fyrir túlkun sína á blökkumannaleiðtoganum Biko.

Sem stendur er myndin sýnd í Laugarásbíói í Reykjavík, en er væntanleg í Borgarbíói innan skamms.

Myndin segir frá Donald Woods, (sjá viðtal við hann á bls. 32-35), og kynnum hans af Steve Biko. Biko var einn helsti leiðtogi svartra í S.A. á þessum tíma, en yfirvöld „bannfærðu“ hann. Bannið fólst í því að hann varð að halda sig á ákveðnu svæði, mátti ekki láta skoðanir sýnar opinberlega í ljósi og mátti jafnvel ekki tala við nema einn mann í einu. Biko virti

HRÓPAÐ

Af nýjustu stór-



Öryggislögregla ræðst inn í fátækrahverfi svartra.

bannið þó að vettugi og fór víðar en yfirvöld grunaði. Hann ferðaðist um svo lítið bar á og talaði jafnvel á fundum blökkumanna.

Donald Woods er frjálslýndur hvítur ritstjóri og andstæðingur aðskilnaðarstefnunnar. Hann var þó ósammála Biko um áherslur. Eftir að hafa gagnrýnt Biko í leiðara er honum boðið á hans fund og hann þiggur boðið. Biko gerir Woods ljósa stöðu svartra í landinu. Þetta breytir afstöðu Woods og þeir Biko verða með tímanum miklir vinir.

Seinna er Biko handtekinn og lætur lífið í fangelsi. Yfirvöld gefa þá skýringu að hann hafi látist eftir hungurverkfall, en Woods fer að rannsaka málið. Hann fær sannan-

ir fyrir því að Biko hafi verið pyndaður til bana. Woods berst nú fyrir því að lögreglumennirnir verði sóttir til saka. Þessi barátta verður til þess að Woods er sjálfur handtekinn og dæmdur í fimm ára bann. Fljótlega hefst hann handa við að skrifa bók um Biko og afdrif hans, sem átti eftir að vekja heimsathygli, en auðvitað var ekki nokkur leið að gefa hana út í S.A.

Woods er ofsóttur af öryggislögreglunni og þegar ofsóknirnar fara að bitna á börnum hans, er honum og Wendy konu hans nóg boðið og þau ákveða að flylja land. En það er ekki auðvelt að flylja undan öryggislögreglunni.

Á FRELSI

mynd Attenboroughs



Wendy Woods á flóttu á með barnahópin.



Biko í yfirheyrslu öryggis-lögreglu.

Leikstjórinn, Sir Richard Attenborough.

Sir Attenborough dregur enga dul á að stjórnmalaaðstæður liggja að baki gerð myndarinnar Hrópað á frelsi. „Mig hefur langað til að gera mynd um aðskilnaðarstefnu í S.A. allt síðan á sjötta áratugnum“, segir hann.

Það var hinsvegar ekki fyrr en Donald Woods sendi honum bækur sínar að Attenborough lét til skarar skrifa. Áður en hann tók endanlega ákvörðun um að gera myndina, fór hann til Suður-Afríku til að kynna sér ástandið og til fundar við ekkju Steve Bikos. Hún hvatti hann til þess að láta verða af gerð myndarinnar.

Gefum nú leikstjóranum orðið:

„Mig langar að ná til þeirra sem eru ófróðir um aðskilnaðarstefnuna og hafa ekki lát-ið hana sig neinu skipta. Eða jafnvel þeirra sem hafa andúð á innihaldi myndarinnar. Vilj-irðu ná til þessa fólks, verð-urðu að segja söguna á ein-faldan og tilfinningahlaðinn hátt.

Fái ég fólk til þess að taka



Richard Attenborough leikstjóri.

afstöðu með Donald Woods og fjölskyldu hans, kem ég boðskap mínum á framfæri. Ég vona að myndin muni hafa áhrif á afstöðu almennings til aðskilnaðarstefnunnar og að hún muni síðar hafa þau áhrif á stjórnmalamenn að þeir grípi til efnahagsþvingana gegn stjórninni í S.A.

Ég skammast mín beinlínis fyrir afstöðu Thatchers. Og mér þykir andstaða bæði Thatchers og Reagans gegn refsiaðgerðum algjörlega ótæk. Réttast vari að þau viðurkenndu að þau eru mótfallin efnahagslegum refsiaðgerðum gegn Pretoríu vegna eigin viðskiptahagsmuna í S.A.

En þau eru svo óforskömmuð að segjast ekki vilja grípa til aðgerða þar sem það muni koma niður á lífsafkomu sv- artra Suður-Afríkumanna. Þau ættu að fara til Soweto eða Crossroads og hitta þar ung hjón með börn sem búa í holu með plastdúk sér til hlífðar. Lífskjör þessa fólks geta ekki verið verri“.

Sigurður Magnason
Hlynur Hallsson.

Hlynur Hallsson og Sigurður Magnason

APARTHEID

Aðskilnaðarstefna hvíta minnihlutans í S-Afríku

Inngangur

Ástandið í Suður-Afríku hefur verið mikið í fréttum undanfarið. Stórmynd Sir Richards Atthenboroughs, *Hróp á frelsi*, hefur átt stóran þátt í því. (Sjá nánar umfjöllun um myndina á blaðsíðu 36 og 37).

En hvernig má það vera að 4.7 milljónir hvíttra manna kúgi 24 milljónir svartra? Svarið er „Apartheid“, aðskilnaður kynþátta og kerfisbundin kúgun á svörtum.

Apartheidkerfið í Suður-Afríku stendur á gömlum merg. Í raun má segja að það eigi rætur að rekja þrjú hundruð ár aftur í tímann. Það er hins vegar ekki fyrr en árið 1948 sem „Apartheid“ verður til sem stjórnarstefna, með valdatöku Afríska Þjóðernisflokksins.

Suður-Afríka er eina landið í heiminum þar sem kynþáttamismunur er bundin í lög. Í þessari grein verður stíklað á stóru í sögu Apartheid - kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar - í Suður-Afríku.

Forsaga

Þar sem nú er Suður-Afríka þjuggu áður tveir svartir þjóðflokkar, San- þjóðin og Khoi-Khoi-þjóðin. (Í suðurafrískum kennslubókum er þó sagt að hvítir landnemar hafi komið

að óbyggðu landi.) Hollenskir og breskir landnemar komu þangað á 17. öld. Eins og annars staðar í Afríku sölsuðu landnemarnir þjóðirnar undir sig með mikilli hörku.

Frumbyggjarnir voru þá látnir þræla á bómullarekrum og í námum landnemanna. Afkomendur Breta og Hollendinga (Búar) háðu mörg stríð, bæði vegna afstöðu sinnar til blökkumanna og eins vegna yfirráða yfir auðlindum landsins. Frægast þeirra er Búastríðið, en þar fóru Bretar með sigur.

Undanfari Apartheid

Eftir friðarsamningana, sem fylgdu í kjölfar Búastríðsins, var ljóst að blökkumönnum voru ekki veitt nein réttindi. Örlög þeirra voru í höndum hinna evrópsku innflytjenda. Árið 1910 varð Suður-Afríka að sambandsríki í formlegum tengslum við Breska konungsveldið.

Blökkumenn voru kúgaðir og andsvar þeirra var stofnun Afríska þjóðarráðsins (African national congress, ANC) árið 1912. Það stóð fyrir friðsamlegum aðgerðum gegn Apartheid.

Þeir sáu lítinn árangur af starfi sínu, því ári seinna setti sambandsþingið, sem skipað var hvítum mönnum eingöngu, fyrstu lög þar sem kynþáttum var mismunað.

Lögin um „heimalönd“ (bantustan), „Native land act“ urðu áhrifamikil kúgunartæki. 1936 voru lög in endurskoðuð og réttindi svartra enn skert. Það fyrirkomulag sem þá komst á helst enn þann dag í dag. Meirihluta blökkumanna er gert að tilheyra einu af tíu „heimalöndum“, sem staðsett eru á harðbýlustu landsvæðunum. Nánar um þetta síðar.

Annað mikilvægt verkfæri hvíta minnihlutans til að halda svarta meirihlutanum í skefjum eru vegabréfalögin. Þau eiga sér langa sögu. Fyrstu meiriháttar vegabréfalögin, sem náðu til alls landsins voru sett árið 1923. Öllum svertingjum er gert að bera sérstakt vegabréf þar sem fram koma ýtarlegar upplýsingar um viðkomandi. Að auki þarf undirskrift vinnuveitanda sem endurnýja þarf mánaðarlega og búsetuheimild frá stjórnvöldum. Hægt er að





Jafnt hvítir sem svartir berjast gegn „Apartheid“. Frá ráðstefnu *Five Freedoms Forum* í september 1987.

reka svarta Suður-Afríkumenn úr borgum til „heimalandanna“, geti þeir ekki sannað að þeir hafi atvinnu. Einnig er hægt að fangelsa hvern þann sem ekki ber vegabréfið á sér. Frá 1948, þegar Þjóðernisflokkurinn komst til valda, til 1980 voru a.m.t. 368 þús. handteknir árlega vegna brota á þessum lögum, meira en 1000 á dag.

Afstaða hvíttra manna í Suður-Afríku til „kynþáttavandamálsins“ var mishörð og kosningarnar 1948 snérust einmitt um þetta. Afríski Þjóðernisflokkurinn (Afrikaner Nationalists) vildi leysa þetta mál með algjörum aðskilnaði kynþáttanna, og háðu kosningaráttuna undir slagorðinu „Apartheid“. Flokkurinn sigr-

aði naumlega, en varla þarf að taka fram að hvítir menn einir máttu kjósa.

Hugmyndafræði Apartheid

Hollensku landnemarnir voru Calvinistar. Samkvæmt þeirra túlkun á Biblíunni eru svertingjar óæðri hvítum mönnum. Þess vegna gátu þeir gert þá að þrælum sínum.

Þessi viðhorf mótuðu afstöðu hvíta mannsins, og þrátt fyrir afnám þrælahalds þykir enn í dag ekki ástæða til að svertingjar njóti mannréttinda.

Auk þess litu þeir svo á að þar eð Guð hafði skapað tegundirnar aðskildar, bæri þeim skylda til að „varðveita“ þær sem slíkar - jafnvel einstaka kynþætti. Þessa trú sína gerðu þeir seinna að hugsjónastefnu sem miðaðist við að „varðveita menningu hinna ólíku menningarsamfélaga í S.A“. Þannig varð „heimalanda-stefnan“ til, sem gekk út á að úthluta svertingjum ákveðnum landsvæðum þar sem þeim var skylt að búa.


Apartheid bundið í lög

„Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi.“

(Úr Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna frá 1948.)

Þjóðernisflokkurinn, Afrikaner Nationalist Party, komst til valda í kosningunum 1948 eftir nauman kosningasigur. Ríkisstjórn þeirra var fljót að efna kosningaloforð sitt um aðskilnað kynþáttanna. Lög sem festu kynþáttamisréttið í sessi tóku gildi ein af öðrum og nú eru í gildi yfir 300 lög um kynþáttaaðskilnað. Þeirra mikilvægust eru löggin sem meina svörtum mönnum að kjósa til þings.

Nokkur önnur lög urðu hornsteinninn að Apartheid, s.s. lög sem banna blönduð hjónabönd (Mixed Marriages Act). Önnur lög bönnuðu kynlíf milli hvíttra og fólks af öðrum kynþætti (Immorality Act). Til að framfylgja þessum lögum var lögreglunni gefið vald til að beina kastljósum inn í bíla, til að ráðast inn á heimili án fyrirvara og taka rúmföt til skoðunar á



rannsóknarstofu og að taka fólk höndum án ákæru. Á árabílinu 1950 - 1985 voru meira en 24 000 ákætur settar fram skv. þessum lögum og 11 614 fundnir sekir.

Auk þess hafa verið mörg dulbúin kynþáttalög. Árið 1950 voru sett „lög gegn kommúnisma“. Þau fólu í sér að hægt var að stimpla hvern andstæðing stjórnaðinnar kommúnista. Þar með var hann brotlegur við lögin og átti yfir höfði sér refsingu skv. þeim. Árið 1967 voru „lögin gegn hryðjuverkamönnum“ sett, sem gerðu yfirvöldum mögulegt að halda fólki í fangelsi í ótilgreindan tíma án þess að það komi fyrir dómstól. Þessum lögum er í ríkum mæli beitt til að halda mönnum árum saman bakvið lás og slá án dóms og laga.

Öll þessi lög brjóta í bága við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem er einmitt jafngömul Apartheidkerfinu.

Apartheid í framkvæmd

Samanlögð gerðu kynþáttalögin ríkisstjórn Afríska Þjóðernisflokksins kleift að:

- Fangelsa hvern sem er án réttarhalds.
- Gera hvern sem er útlægan frá ákveðnu svæði landsins.
- Banna hverjum sem er að tala opinberlega.
- Banna hverjum sem er að láta skoðanir sínar í ljósi á prenti.
- Banna hverjum sem er að ferðast.
- Banna hverjum sem er að vera með fleirum en einum manni í herbergi í einu.
- Banna allan mannsöfnuð, kröfugöngur, fundi og mótmælaaðgerðir.
- Banna hvaða samtök sem er.
- Gera vegabréf hvaða borgara sem er upptækt án útskýringa.
- Gera húsleit án sérstakrar húsleitarmildar.

Stjórnvöld beita þessum lagaákvæðum óspart. Nærtæk dæmi eru bannfæringar á St-



Skopmynd af P.W. Botha.

eve Biko og Donald Woods, sem fjallað er um í kvikmyndinni *Hróp á frelsi*.

Í ársskýrslum Amnesty International eru langir listar yfir mannréttindabrot í Suður-Afríku, pyndingar, fangelsanir á börnum, mannhvörf og ofbeldi lögreglu gagnvart andstæðingum kerfisins.

Heimalöndin - „bantustans“

S.A.-stjórn hefur valið verstu svæði landsins og úthlutað svörtum til búsetu. Þetta eru hin svokölluðu „heimalönd“.

Blökkumenn voru og eru fluttir nauðungarflutningum frá heimilum sínum til hinna nýju „heimalanda“. Á árunum 1960-70 urðu milli 4 og 6 milljónir manns fórnarlömb þessara nauðungarflutninga. Skv. löggjöf frá 1983 vofir sú hætta yfir 7 milljónum blökkumanna að þeir hljóti sömu örlog.

Á 7. áratugnum tók ríkisstjórn aðskilnaðarsinna að veita heimalöndunum „sjálf-




Svona skilti má sjá víða í Suður Afríku.

stæði“. Það hafði í för með sér að 7.5 milljónir blökkumanna misstu ríkisfang sitt og þar með allan rétt í Suður-Afríku, og það þrátt fyrir að þeir dveldust utan heimalandanna árið um kring og væru undirstaða efnahagslífs S.A. .

S.A. er eina ríkið sem heldur úti sendiráðum í heimalöndunum, því ekkert erlent ríki hefur viðurkennt „sjálfstæði“ þeirra. S.A. er því jafnframt eina ríkið sem rekur sendiráð í eigin landi.

„Heimalöndin“ eru þéttbýlustu svæði á meginlandi Afríku. Lífskjörin þar eru hörmu-



Heimalöndunum (bantustans) er dreyft á harðbýlustu landsvæðin.

leg. Í einu heimalandanna, Transkei, deyja 40% svartra barna áður en þau ná tíu ára aldri og næringarskortur er útbreiddur.

Heimalandaskipulagið gerir ríkisstjórn Suður-Afríku kleift að firra sig ábyrgð á heilsu, velferð og öðrum félagslegum þörfum í heimalöndunum.

Baráttan gegn Apartheid

Frumbyggjar S.A. hafa veitt kúgun hvíta mannsins mótspyrnu allt frá upphafi. Snemma voru stofnuð ýmis samtök í þessu skyni, m.a. undir forystu Mahatma Gandhis, seint á 19. öld.

Árið 1912 var Afríska þjóðarráðið (African National Congress, ANC) stofnað. ANC er enn leiðandi frelsishreyfing.

Áratugum saman, allt fram til ársins 1960 stóð ANC fyrir friðsamlegum aðgerðum í baráttunni fyrir frelsi Afríkana. Þar gætti meðal annars áhrifa frá Gandhi, en hann hafði byrjað stjórn málaferil sinn meðal Indverja í Suður-Afríku.

Árið 1955 var haldinn var haldinn fundur 3000 manna af öllum kynþáttum; hvítir, svartir, blandaðir og Indverjar. Fundurinn sem haldinn var í Kliptown utan við Jóhannesborg, samþykkti svonefnda Fr-

elsisskrá (Freedom Charter). Hún hefur verið leiðarljós andspyrnunnar gegn aðskilnaðarstefnunni. Í henni segir að S.A. tilheyrir öllum þeim sem þar búa og allir skuli hafa sama rétt og vera jafnir að lögum. Öllum skal tryggð atvinna, öruggt heimili og velmegun. Friður og vinátta skyldu ríkja milli manna. Frelsisstráin er einnig pólitísk stefnuskrá ANC.

Apartheid-stjórnin greip til harkalegra aðgerða í kjölfar þessa. 156 forystumönnum andstöðunnar var haldið í fangelsi í 4 ár, ákærðum fyrir landráð. Erlendis litu menn með samúð á ANC og 1960 fékk forystumaður ANC, Albert Luthuli, friðarverðlaun Nóbels. Skömmu síðar tók Nelson Mandela við forustu ANC.

1960 gerðist sá atburður í Sharpville að lögregla drap 69 manns og særði 365, í friðsömum mótmælaaðgerðum gegn vegabréfalögunum. Atburðirnir í Sharpville mörkuðu tímamót. Þetta sama ár var ANC bannað. Hreyfingunni var þá ljóst að hin friðsama leið skilaði ekki árangri. ANC fór að beita róttækari aðgerðum, skemmdarverkum og skæruhernaði. Nelson Mandela var handtekinn 1964 og

dæmdur í lífstíðarfangelsi.

„Sharpville - fjöldamorðin“ urðu einnig til að beina athygli umheimsins að Apartheid-kerfinu og vöktu hörð viðbrögð erlendis.

Innanlands blöskraði einnig mörgum hvítum mönnum grimmileg framganga yfirvalda og hafa þeir skipulagt ýmis samtök gegn aðskilnaðarstefnunni og fyrir mannréttindum.

Á 7. og 8. áratugnum jókst kúgunin enn og um leið andspyrna svartra. Árið 1976 urðu fjölmenn verkföll í landinu. Svartir skólanemar mótmæltu því einnig að í skólum þeirra var kennt á máli Búanna, afrikaans. Mótmælin náðu hápunkti þann 16. júní í Soweto, þar sem lögreglan varð yfir 300 börnum og unglingum að bana.

Ástandið í S.A. fer enn versnandi. Sumarið 1986 voru sett neyðarlög í kjölfar mikilla mótmælaöldu. Þar með er t.d. ekki hægt að ákæra lögreglumenn fyrir neitt sem þeir gera til að framfylgja kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Síðustu aðgerðir stjórnvalda voru að banna öll samtök sem héldu fram skoðunum sem ekki samrýmast stefnu stjórnvalda.

Refsiaðgerðir

Umheimurinn hefur þrýst á S.A. að láta af Apartheid, með ýmsum refsiaðgerðum. Þetta hefur komið sér mjög illa fyrir stjórnina. Núverandi ríkisstjórn hefur reynt að bæta ímynd sína út á við með ýmsum „tilslökunum“. Kynlíflögin, sem áður var getið, hafa verið numin úr gildi. Árið 1984 var gerð stjórnarskrárbreyting sem gaf lituðum og Asíumönnum kosningarétt til sérstakrar þingdeildar. Þeir kusu almennt ekki, í mótmæla-skyni við þessa sýndarmennsku. Nú hefur forsetinn lýst því yfir að stefnt sé að því að „valdir blökkumenn“ fái kosningarétt.

Lágmarkskrafa blöcku-

manna er hinsvegar að lýðræði verði komið á - allir hafi jafnan kosningarétt.

En ríkisstjórn Botha á einnig í höggi við hægri harðlínumenn heima fyrir, sem vilja engar tilslakanir. Þeim vex nú fylgi.

Stjórnin í Pretoríu hefur líka staðið í miklu áróðursstríði við umheiminn. Stjórnin hefur reynt að telja umheiminum trú um að efnahagslegar refsiaðgerðir komi verst niður á svörtum og að svartir séu þeim andvígir. Þetta er ekki rétt. Allir helstu leiðtogar svartra, (s.s. Tutu biskup, Nóbels- friðarverðlaunahafi) hafa hvatt til refsiaðgerða og skoðanakannanir sýna að mikill meirihluti svartra styður refsiaðgerðir. Einnig hefur stjórnin haldið því fram að svertingar í S.A. væru efnahagslega betur settir en í nokkru öðru Afríkulandi. Þetta er einnig rangt; svartir í S.A. eru einungis í 13. sæti í Afríku hvað varðar þjóðartekjur á mann.

Það ríkir ekki eining um efnahagsþvinganir gegn ríkisstjórn S.A. Lönd eins og Bandaríkin og Bretland eru andvíg þeim, vegna gífurlegra viðskiptahagsmuna, og Japanir hafa jafnvel stóraukið viðskipti sín við S.A. Ríkisstjórn Íslands hefur heldur ekki tekið þátt í þeim. Nú liggur fyrir Alþingi Íslendinga tillaga um að við förum að dæmi hinna Norðurlandanna og setjum viðskiptabann á S.A.

Í þessari grein er stuðst við eftirfarandi heimildir: Apartheid - Graphic guide e. Donald Woods, Asking for Trouble e. Donald Woods, Suður-Afríka; Greinasafn um Apartheid, auk ýmissa greina og viðtala úr Morgunblaðinu og Þjóðviljanum.



Bridgeþáttur

Eyjólfur Sigurðsson, formaður BRIMA, segir frá



Hér í skóla er starfandi félag sem frekar lítið hefur farið fyrir á opinberum vettvangi, s.s. skólablöðum og almennum skólaskemmtunum. En þetta félag kallast BRIMA eða Bridgefélag MA. Í félaginu eru yfir 30 virkir spilarar (flestar af heimavistinni) og auk þess fjölmargir sem kunna örlítið í íþróttinni en eru of feimnir eða eitthvað, og koma sér lítið á framfæri. Vil ég hér með hvetja alla þá sem hafa áhuga á bridge að reyna að komast í samband við einhverja spilara og einfaldlega byrja að spila eða a.m.k. horfa á þá sem kunna grundvallaratriði spilsins og reyna að læra eitthvað af þeim.

Oft hef ég verið spurður hvað sé svona gaman við að spila bridge, því fyrst byrji menn á því að segja hver öðrum frá því hvaða spil þeir eru með á hendi (með sögnum) og svo þegar það er búin þá sýnir einn við borðið öllum spilin sín og er svo ekkert meira með í því spili. Ég get ekki neitað því að þetta er í stórum dráttum gangur leiksins, en þetta er líka það sem aðgreinir bridge og önnur spil, s.s. vist og kana.


Í bridge er reynt að komast að því hvort á að spila grand (ekkert tromp) eða hvort á að hafa tromp og þá í hvaða sort. Einnig er reynt að komast að því hve marga slagi er hægt að taka. Til að auðvelda mönnum þetta hafa verið búin til

fjölmörg sagnkerfi t.d. Vínarkerfið, Acal, Precision og Standard American, svo einhver séu nefnd.

Starfsemi BRIMA hefur verið mjög öflug í vetur (a.m.k. miðað við undangengin ár). Fjölmörg innanfélagsmót hafa verið haldin bæði í sveitakeppni og tvímenningi. Auk þess hefur skólaliðið keppt við Menntaskólann á Laugarvatni, VMA, farið suður að keppa við Fjölbrotaskólann á Suðurlandi og á framhaldsskólamátið. Liðið

tapaði fyrir ML og VMA, og endaði í sjötta sæti á framhaldsskólamátiðinu en lið FS gaf viðureignina á heimavelli. Til viðbótar þessu hafa ýmsir meðlimir félagsins keppt á mótum Bridgefélags Akureyrar og hafa á köflum staðið sig vel.

Hér með læt ég þessu spjalli mínu lokið og vona að einhverjir hafi orðið fróðari um bridge.









Eyvi spáir í spilin.




Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Er sellan hans Gubba að bila?









Þetta ætti að tefja þá aðeins!

Drepa hann! Drepa!

PARNA ER HANN!



Drring! Drring! Drring! Drring!



Kæru lesendur! Þegar risatertur, pylsur og kókflöskur hlaupa um, skjótandi þeyttum rjóma, stofur verða að orkuverum, Pepsidósir springa og hegt er að mála yfir holur, þá er aðeins um eitt að ræða!...



Þessi teiknimyndasaga er teiknuð af *Sigurði Sveini Halldórssyni* og tók það hann tvær vikur, 3 klukkustundir, 28 mínútur, 7 sekúndur og 3 hundruðustu. Allur réttur á teiknimyndasögunni á *Muninn* og ef einhvern langar til að eftirprenta þessa sögu skal sá hinn sami bera fram skriflegt bónorð til núverandi ritsjórnar og fær hann þá umsvifalaust nei (næstu ritsjórnir munu ekki svara bréfinu). Njótið vel.

það hressir

Bragakaffið Bragakaffið

Kaffibrennsla
Akureyrar hf
Tryggvabraut 16
Akureyri
Sími
96-23800

Sólin glampaði á skínandi hvítu þilfari snekkjunnar. Herbert Marshall sat á sólstól á palli þeim aftur í skut snekkjunnar sem ætlaður er sóldýrkendum að degi til en notaður er til dansleikja þegar dimmt er orðið og tilefni þykir til að slá upp dansleik. Herbert var á stuttbuxunum einum saman þó svo það færi honum alls ekki, þar sem hann var einkar gildvaxinn. Hann hafði verið foringi í bandaríska landhernum en snéri sér að stjórnmálum og var nú orðinn þingmaður repúblikana.

Hann gaut augnum að tveim dökkum líkómum sem lágu lífvana að því er virtist á stórum handklæðum á pallinum. Það voru María Perkins og Jan Crowe. Jan var tennisleikari, eitt hvert yngsta, efnilegasta og best launaða nýstirnið í bandaríska tennisheiminum, hann hafði kynnt Maríu sem vinkonu sína, hún var dóttir hins fræga kvikmyndaleikara Alec Perkins, ákaflega lagleg að mati Herberts og einmitt sú manngerð sem nælir sér í ungan, frægan og sérstaklega auðugan íþróttamann.

Herbert teygði sig í glas sem innihélt pina colada, litla sólhlíf og rör, hann fékk sér góðan sopa af köldum og svalandi drykknum. Sólin var komin hátt á loft og hitinn eins og hann er í Karabíska hafinu um hádegi, - steikjandi. Herbert leit yfir að borði sem var við borðstokkinn, þar sátu William Safire, Jack de Manio, Jane Fox og Azimah Darusalam. William var moldríkur skartgripasali frá Los Angeles, Jack var verðbréfasali frá New York, Jane var fyrrverandi poppsöngkona, hafði helst dvalið í Hollywood undanfarna mánuði hélt Herbert, þó hafði hann hitt hann í

samkvæmi þingmanna í Cincinnati mánuði áður. Azimah Darusalam, gestgjafinn, var frænka soldánsins af Brunei, en hann mun vera ríkasti maður í heimi. Azimah hafði helst haldið sig í spilavítum Mónakkó með soldáninum en þó brugðið sér til Bandaríkjana af og til. Hún var eigandi snekkjunnar og hafði boðið tíu kunningjum sínum í vikusiglingu. Hún og Herbert höfðu kynnst þegar soldáninn sendi Kontra skæruliðunum 10

með okkur“ kallaði Azimah. „Mér líður ágætlega hérna“ kallaði Herbert á móti og vonaði að hún myndi ekki ýta á hann að koma því flestir sem við borðið sátu fóru í taugararnar á honum. Sérstaklega þessi verðbréfasali, de Manio, með ísmeygilegt rottuandlit og gerði lítið annað en að plokka peninga af gestunum í fjárhættuspilunum og var því almennt illa liðinn. Safire, með sitt smeðjulega bros og ópolandi vel snyrt yfirvarskegg, var sú persóna sem Herbert þoldi næstverst. Hann hafði þann leiða sið að hamra í borðið með puttunum, ósið sem var einkar þreytandi til lengdar. Einnig gaf hann hverri konu sem hann sá undir fótinn. Og síðan var það Fox, kona sem mátti muna sinn fífil fegurri og virtist komin að taugaáfalli.

Á allri þessari snekkju, líkaði Herbert bara við Azimah og jú, líka var ágætt að tala við Maríu Perkins, því þar var komin kona með eitt hvað á milli eyrnanna og það var sá eiginleiki sem Herbert kunnir best við í fari manna.

„Góðan daginn herra Marshall. Ég vona að þú hafir sofíð betur eftir spjall okkar í gær“. Herbert svelgdist á svaladrykknum sínum. Hann hafði verið svo niðursokkinn í hugsanir sínar að hann hafði ekki tekið eftir mannverunni sem hafði birst fyrir aftan hann. Hann þurfti svo sem ekkert að líta við, þetta gat aðeins verið ein persóna, brjálaði sjónvarpspresturinn Pétur Parker. „Jú þakka þér fyrir, eins og engill“ stundi Herbert milli hóstakastanna. Hann hafði verið svo óheppinn að rekast á Parker þegar hann var að fá sér frískt loft um miðnætti í gær. Einhvern vegin hafið Parker fengið þá flugu í höfuðið að

Spennusagan Morð við opinn glugga

eftir fjóra meistara spennusagna í skólanum
er orðin að veruleika. Hér birtist hún í fyrsta
sinn í fullri lengd í íslensku blaði.

milljónir dollara, en Herbert var þá tengiliður CIA í Austurlöndum fjær og hafði séð um að peningarnir rötudu rétta leið en ekki í óvandaðar hendur einhverra óprúttinna Araba. Hún hafði séð um að koma peningunum til hans, og nokkrum mánuðum seinna bauð hún honum í veislu í marmarahöllina sína, en það var mjög óvenjulegt, annars vegar vegna þess að það voru óskrifuð lög að þeir sem stunduðu því lík viðskipti sem þau höfðu átt, hittust ekki, en hins vegar sú staðreynd að mjög fáir fengu að stíga inn í þessa rómuðu draumahöll á frönsku Rívírunni. Eftir þetta höfðu þau verið miklir vinir og því hugsaði Herbert sig ekki um tvísvor þegar hún bauð honum að taka þátt í nýjasta ævintýrinu hennar: að sigla, eða réttara sagt að reka, um Karabíska hafið á nýju snekkjunni hennar, Sædrottningunni.

„Herbert, komdu og sestu

Herbert ætti erfitt með svefn. Hann hafði þurft að hlusta á Parker til klukkan 3 um nóttina. „Hvernig líður ungfrú Mair, er hún eitthvað betri af sjóveikinni?“ spurði Herbert um leið og hann gaut augnum til Parkers. Sem hjákona Parkers, er Dorothy Mair ágæt nema að tvennu leyti. Í fyrsta lagi drekkur hún of mikið og öðru lagi er hún ótrúlega heimsk. Hún var annaðhvort of timbruð eða of drukkin til að koma upp á þilfar. Parker lét sem hann heyrði ekki í Herbert og snéri sér að de Manio. Þeir voru vanir að byrja daginn á póker eða öðru fjárhættuspili. Herbert fékk sér annan sopa af glasinu og reyndi að snúa þönkum sínum inn á aðrar

ustu kosningar vegna drullunnar á götunum og sorpsins í öllum skúmaskotum. Hann hafði metið ástandið svo að þetta sem þarna hírðist, ólæst og illa talandi, og með hor, gæti ekki ráðið úrslitum um framtíð hans sjálfs. Það ætti raunar ekkert sammerkt með honum, ekki einu sinni hinn glæsta fána, því fáni þjóðar hans var táknið framfara og áráðis en ekki drullu og örbirgðar.

Fyrst eftir að hann gafst upp á fátækrahverfunum sagði hann og æsti sig jafnvel, þó aldrei opinberlega: „Þetta ætti ekki að hafa kosningarétt“.

Þegar frá leið náði hann betri stjórn á tilfinningum sínum og gat jafnvel hent gaman

á. Honum varð hugsað með óhug til föður síns sem í tuttugu ár hafði gengið með slöngu og poka uns hann lagðist í rúmið. Þá varð hann ófær um að tæma pokann sjálfur og um skeið neyddist Herbert til að sinna því lítilmótlega starfi en lyfjafnykurinn af hlöndinu og skorpinn líkami föðursins voru meira en hann gat þolað. Karlinum var því komið fyrir á sjúkrahúsi þar sem hann skorpnaði endanlega til mikillar einföldunar fyrir alla aðstandendur. Hann gaf upp öndina og gat endurheimt virðingu sína í hvít-lakkaðri harðviðarkistu undir dýrum kransi.



brautir. Hann nemti ekki að ergja sig yfir Parker. Hver veit nema hann hefði einhvern tíma not fyrir prestinn í kosningaslagnum heima. Sem þingmaður repúblikana gæti það jafnvel orðið dýrkeypt að æsa Parker á móti sér.

„Komdu og spjallaðu við okkur Herbert“ kallaði Azimah aftur. Herbert sá sig nauðbeygðan til að verða að ósk hennar. Hann greip glasið sitt og bjóst til að standa upp. Það tókst þó ekki betur til en svo að sólstóllinn lagðist saman undan honum. Um leið var eins og kippt væri undan honum þeim fjárhagslega grundvelli sem líf hans byggðist á. Í svipan bar fyrir hugskotssjónir hans myndir af fátækrahverfum sem hann hafði gefist upp á að heimsækja fyrir sein-

að þessu: „Það skiptir annars engu máli þó ræflarnir fái að kjósa. Þótt allir hundar Bandaríkjanna fengju kosningarétt breytti það engu, þeir hafa einfaldlega ekki nóg vit til að geta kosið“.

Hann skall á þilfarið við mikinn fögnuð viðstaddra og eitt augnablik fannst honum að verið væri að hylla sig eftir stórkostlega ræðu á einhverjum útifundanna. Þessi tilfinning snérist upp í hrylling þegar fyrir vit honum bar kunnulegan þef. Þef sem hann kannaði við sem einn þátt hinnar viðurstygglegu lyktar fátækrahverfanna. Ósjálfrátt rak hann hendina milli fóta sér og fann holdvotar buxurnar og pollinn á þilfarinu. „Helvítið á þér, tuldraði hann - alltaf skaltu svíkja mig þegar mest ríður

Höfundar að þessu stórmerka afreki spennusagnanna voru þeir (í þeirri röð sem þeir skrifuðu söguna) Garðar Agúst Arnason, Bergþór Hauksson, Sigurður Víðir Smáráson og Ólafur Páll Jónsson (Garðar, Beggi, Smauri og Lassi). Muninn er þeim stórkostlega þakklátur fyrir innlegg þeirra í baráttu fyrir lengri opnunartíma verslana.

Mannréttindi strax!

- eftir Hlyn Hallsson

Mannréttindasamtökin Amnesty International gangast nú fyrir undirskriftasöfnun fyrir því að ríkisstjórnir heimsins fari eftir Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Þessi söfnun hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum nemanda í Menntaskólanum á Akureyri því gengið var í alla bekki og starfsemi samtakanna útskýrð. Um 450 undirskriftir söfnuðust í skólanum, sem er ágætis árangur.

Þessu undirskriftasöfnun fer fram um allan heim undir slagorðinu *Mannréttindi strax!* Ætlunin er að afhenda undirskriftirnar á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 10. desember næstkomandi, en þann dag eru einmitt liðin 40 ár frá undirritun Mannréttindayfirlýsingarinnar.

Nýlega var stofnuð Akureyrardeild Amnesty International. Haldinn var fyrirlestur á vegum Háskólans á Akureyri, A.I. og Zontaklúbbsins Þórunnar hymnu. Fyrirlesarar voru Hildur Bjarnadóttir fréttamaður og Ingibjörg Björnsdóttir starfsmaður samtakanna í Reykjavík. Að loknum fróðlegum fyrirlestri voru sýnd myndbönd sem sýndu hvernig pyndingar eru notaðar sem stjórnþæki og hvernig samtökin berjast gegn pyndingum, fangelsun samviskufanga og dauðarefsingum. Síðan var fyrirspurnum úr sal svarað. Mjög margir menntskælingar mættu á fyrirlesturinn og hafa margir nemendur gerst félagar í samtökunum.

Daginn eftir var haldinn stofnfundur Akureyrardeildar samtakanna. Þar var undirskr-

iftasöfnun í bænum skipulögð frekar og bréfaskriftir til lausnar samviskuföngum áformaðar.

Í versluninni Kompunni, Skipagötu 2 er hægt að kaupa gjafakort og veggspjöld sem gefin eru út til styrktar Amnesty International. Þeim sem vilja gerast félagar í Amnesty International eða fræðast meira um starfsemina, er bent á að hafa samband við Elfnu S. Jónsdóttur í Munkaþverárstræti 25 eða skrifstofu samtakanna í Reykjavík. Skrifstofan er til húsa í Hafnarstræti 15 í Reykjavík og er opin alla virka daga frá 16 til 18, og síminn er 91-16940.

AMNESTY 

*Eftirtalin fyrirtæki styrktu
útgáfunna:*

Útgerðarfélag Akureyringa

Útvegsbanki Íslands

Hafnarstræti 98, sími 22214

Fatahreinsunin

Hólabraut 11, sími 24427

Flugfélag Norðurlands



Kaupfélag Eyfirðinga

Hafnarstræti 91-95, sími 23520

Nýja filmuhúsið

Hafnarstræti 106, sími 22771

Pedromyndir hf

Hafnarstræti 98, sími 23525

Fjár- hagurinn

Ágætu menntskælingar, nú skal gerð grein fyrir fjárhagslegristöðuskólafélagsins frá 24. febrúar, en þá kom seinast yfirlit yfir fjárhaginn.



Muninn: Ólafur Jóhann Sigurðsson

Og þessu treystum við fyrir peningunum okkar...

Útgjaldaliðir:

1.	Ferð á Suðurland		204,000.00
2.	Syrkir til féлага:		163,000.00
2.1.	ÍMA	60,000.	
2.2.	SkákMA	50,000.	
2.3.	LMA	30,000.	
2.4.	BriMA	30,000.	
2.5.	Styrkur til stærðfræði- keppni frh.skólanna	3,000.	
3.	Listadagar		134,527.10
4.	Gr. fyrir kjaftæði		27,500.00
5.	Annir og appelsínur		25,000.00
6.	Ymiss kostnaður		17,435.85
7.	MFH		4,800.00
8.	Tæki og viðhald		1,315.00
----- ALLS			582,637.95

Tekjuliðir:

1.	Tekjur v. ferðar á Selfoss	95,000.00
2.	Tekjur v. Listadaga	39,134.00
3.	Tekjur v. sölu Kjaftæðis	31,500.00
4.	Sjónvarpið greiðir Annir	25,000.00
5.	VMA greiðir v. taps á Tígrisd.	25,000.00
6.	Ágóði VMA-MA balls í Zebra	17,967.50
7.	Dagur greiðir fyrir auglýsingu	5,000.00
----- ALLS		238,601.50

Fjárhagsstaðan 24 febrúar	550,137.00
Tekjur 24.02 til 18.04	238,601.50
Gjöld 24.02 til 18.04	582,637.95

	788,738.50
Mism.	582,637.45
	206,100.55

	788,738.50
	788,738.50

Þetta er nú dæmið. Eins og þið sjáið skipa styrkir stærsta útgjaldaliðinn. Listadagar og vel heppnuð ferð á Suðurland fylgja fast á eftir.

VMA tók þátt í tapi vegna sýninga Alþýðuleikhússins á Tígrisdýrunum, en það nam 50,000 krónum.

Þetta verður seinasta yfirlit sem ég kem nálægt og er ég því feginn, hæfur drengur hefur tekið við og óska ég honum velfarnaðar í starfi sem og nýrri stjórn.

Lifið heil.

Sturla Fanndal Birkisson.



Keðjusagarmorðin í Los Angeles

- eftir háa ljóshærða manninn
og systur Arnolds Schwarzenegger

Eftir að hafa lesið greinina eftir háa ljóshærða manninn sem birtist í síðasta tölublaði Munins ákvað víðfrægur hryllingsmyndaaðdáandi hér í skóla, sem kys að kalla sig systur Arnolds Schwarzenegger, að skora á hann að botna sögu sem hann ætlaði að senda í Munin. Ástæðuna segir systir vera þá að önnur eins smábarnalesning og gat að líta í síðasta blaði Munins eigi helst heima í barnablaðinu Æskunni og veki meðaumkun og fyrirlitningu allra sannra hryllingsaðdáenda. Vonar hann að hái ljóshærði maðurinn standi sig betur í framhaldinu af þessari sögu.

Hái ljóshærði maðurinn.

FYRRI HLUTI

- eftir systur Arnolds Schwarzenegger

Ung kona kom hlaupandi eftir illa lýstum stíg í almenningsgarði. Föt hennar, sem héngu í tjásu utan á henni, gáfu til kynna að eitthvað hefði gerst. Öðru hvoru reyndi hún að hrópa á hjálp en æsingurinn, skelfingin og meðan höfðu gert hana raddlausu. Skyndilega heyrði hún í einhverju að baki sér. Hún leit við og sá hvar maður kom hlaupandi út úr hliðarstíg. Hann var með stóran hníf í hendi og grímu fyrir andlitinu. Stúlkan varð skelfingu lostin því maður þessi hafði, fyrir nokkrum mínútum, reynt að nauðga henni en hún hafði náð að sleppa frá honum með því að sprauta hárspreyi í augu hans. En nú var hann sem sagt snúinn aftur til að ljúka ætlunarverki sínu og eflaust meira en það. Hún herti á hlaupunum en grímumaðurinn dró hana fljótt uppi. Þegar hann var við það að ná henni heyrðist skyndilega þrusk úr runnunum sem lágu meðfram stígnum og upp spratt maður með stóra keðjusög í hendi. Grímumaðurinn stoppaði en stúlkan hljóp aðeins áfram. Hún stoppaði síðan og leit við. Það sem hún sá var eflaust ógeðslegasta sjón sem hún hafði nokkur tíma séð.

Hún sá hvernig maðurinn með keðjusögina rykkti henni í gang og keyrði hana í höfuð grímumannsins. Hún sá hvernig keðjusögin hjakkaðist í gegnum höfuðið svo beinflísar, blóð og heilaslettur frussuðust hingað og þangað um umhverfið. Maðurinn með keðjusögina sagaði höfuð grímu- mannsins í tvennt svo höfuðhellingarnir tveir hnigu niður á axlirnar. Líkami grímumannsins riðaði og féll á jörðina. Útlímirnir tóku snögga kippi við og við og greinilegt var að hann var ekki enn dauður því blóð sprautaðist taktfast út á milli höfuðbútanna sem gaf til kynna að hjartað sló enn. Allt þetta hafði gerst á svo stuttum tíma að stúlkan hafði varla áttað sig á hvað gerst hafði. En hún áttaði sig fljót og rak upp skaðræðisöskur þegar hún sá alblóðugan líkama grímumannsins sprikla á jörðinni. Þá snéri keðjusagarmaðurinn sér við og þá sá hún í fyrsta skipti andlit hans. Það var allt afskræmt og í því sátu tvö djúp, barnsleg og starandi augu sem sýndu skýrt hve geðveikur maðurinn var. Hann horfði spyrjandi á stúlkuna eins og hann byggist við hólí eða einhverskonar vinalegri svörun frá henni. En hún öskraði bara enn hærra. Það var greinilegt að hann varð fyrir miklum vonbrigðum sem síðan breyttust í gifurlega reiði. Hann öskraði og sveiflaði keðjusöginni (sem enn var í gangi) að stúlkunni. Fremsti hluti sagarinnar fór í hana og reif stórt gat þvert yfir magann. Garnirnar, blóð og allskyns úrgangur sem verið höfðu í görmunum spruttu fram með tilheyrandi hljóðum og fnyk. Keðjusagarmaðurinn rak öðru hvoru upp geðveikan og heimskulegan hlátur á meðan hann horfði á stúlkuna í ör- væntingu sinn reyna á troða innnyflunum inn aftur. Allt í einu leit stúlkan snöggt upp og ranghvolfdi í sér augunum og út úr munni hennar fór að vella blóð. Skyndilega tók hún

snöggan kipp og sprautaði blóði út úr sér í andlit keðjusagar-mannsins. Síðan hryglaði í henni og hún hneig örend á jörðina. Keðjusagarmaðurinn horfði á hana um stund og þurrkaði blóðið fram- an úr sér með höndunum. Síðan gekk hann hægt á braut byrjaði að sleikja á sér hendurnar.

SEINNI HLUTI

- eftir Húa ljóshærða manninn

Þegar Jones rannsókanar- lögreglumaður mætti á svæðið um klukkan 8 næsta morgun, voru fyrir lögreglubíll og sjúkrabíll auk nokkurra forvitinna áhorfenda. Einn lögreglumaðurinn gekk til móts við hann og sagði: „Líkin eru á borunum þarna hjá sjúkrabílnum“. Jones gekk að bílnum til þess að virða líkin fyrir sér.

Löggan lyfti annarri ábreiðunni. „Stelpan fannst um 20 metra frá manninum, kviðurinn áhenni ristur í sundur og garnirnar út um allt. Fremur sóðalegt, ha?“.

Jones hnussaði og lyfti upp hinni ábreiðunni. Þar sem höfuð mannsins hafði verið var nú aðeins blóðug klessa.

„Hvaða vopn var notað?“.

„Augljóslega keðjusög“ svaraði lögreglumaðurinn. „Einhver geðveiklingur sem er búinn að horfa á of margar bíómyndir“.

Eftir hádegið var Jones byrjaður að vinna að málinu. Hann leitaði í gagnabankanum að glæpum sambærilegum við þennan og hafði samband við gagnabanka alríkislögreglunnar en án verulegs árangurs.

Um kvöldmatarleytið ætlaði Jones að fara heim. Hann hafði engin vitni og engar vísendingar og var orðinn vonlaus um að nokkuð myndi rætast úr málinu. Á leiðinni út staldraði hann við hjá einum starfsbróður sínum sem sat við skrifborð. Jones laut fram á borðið og sagði:

„Heyrðu Harry, hvað dettur

þér helst í hug þegar þú heyrir minnst á keðjusög?“.

Harry hallaði sér aftur og hugsaði sig um. „Líklega *The Texas Chainsaw Massacre* og skógarhöggsmenn“.

Jones fór aftur inn á skrifstofuna og fann númer umsjónarmanns almenningsgarðsins í skýrslunum. Þegar umsjónarmaðurinn kom í símann spurði Jones hver það væri sem sæi um snyrtingu garðins.

„Hann heitir Conwey“ svaraði umsjónarmaðurinn. „Hann lenti í bíslýsi fyrir nokkrum árum og afskræmdist allur í framan. Hann hefur reyndar ekki verið alveg með fullum sönsum síðan, en ég get fullvissað þig um að hann er alveg meinlaus“.


Jones fékk heimilisfang mannsins, þakkaði fyrir og lagði á. Á leiðinni út mundi hann eftir að hann hafði ekki spurt hvort keðjusagir væru notaðar við snyrtingu á garðinum, en hann gerði ráð fyrir að svo hlyti að vera.

Húsið sem náunginn bjó í var stórt, skuggalegt fjölbýlishús í einu af niðurníddari hverfum borgarinnar. Jones fór upp stigann og barði að dyrum. Enginn kom til dyra og hann prófaði að opna dymar. Hurðin var ólæst og hann gekk inn. Íbúðin var grá og subbuleg og þar var lykt af uppsöfnuðum óhreindum og allskonar viðbjóði. Jones svipaðist um. Einn hlutur öðrum framar vakti athygli hans, en ofan á sænginni í rúmi mannsins lá keðjusög. Hann tók byssuna úr axlarhulstrinu og laut yfir rúmið til þess að virða gripinn betur fyrir sér.

Skyndilega var hurðinni hrundið upp bakvið hann og hann fékk þungt högg fyrir bringuspálinnar áður en hann náði að beita byssunni. Hann missti byssuna og maðurinn náði að sparka henni inn undir rúmið.

Þeir tókust þegjandi á í stutta stund, en svo tókst manninum að slá Jones undir hökuna með olnboganum og





sparka síðan í magann á honum þannig að hann lenti á gólfinu.

Hann ætlaði að spretta á fætur en sá þá að andstæðingurinn var kominn með keðjusögina í hendurnar og var að ræsa hana með miklum fyrirgangi.

Jones þaut út um dyrnar og niður stígann. Hann ruddist inn í bílinn og fálmaði eftir kveikjulyklunum. Hann reyndi að starta en ekkert gerðist.

Keðjusagarmorðinginn var nú kominn að bílnum og byrjaður að saga í gegn um þakið þannig að neistarnir flugu í kring um höfuðið á Jones. Einhverra hluta vegna vildi maðurinn ekki fara stystu leið gegnum gluggann.

Bíllinn vildi ekki fara í gang og allt í einu sá Jones að kveikjulokið lá í farþegasætinu. Hann ætlaði að fara út farþegamegin en hurðin var læst og læsingarhappurinn brotinn.

Núna var hluti af hliðinni farin úr og maðurinn lyfti keðjusöginni til að keyra hana í höfuðið á Jones.

Þá sá Jones að furðusvipur kom á manninn um leið og eitthvað ruddist út úr maga hans. Keðjusögin datt ofan á Jones og sagaði stýrið og mælaborðið allt í sundur áður en hann náði taki á henni.

Blóð slettist inn í bílinn því einhver hafði rekið aðra keðjusög í bakið á manninum og í gegnum hann. Nú var söginni jagað fram og aftur þannig að þarmarnir í manninum ultu út og ofan á Jones sem sat með keðjusögina í fanginu.

Svo var keðjusöginni ýtt upp á við þannig að hún sagaði hrygginn í sundur eftir endilöngu. Jones sá hvernig foss af blóði kom frá manninum sem hélt á sagarblaðinu.

Keðjusögin hélt áfram upp að herðum, í gegn um hálsinn og tók höfuðið í sundur. Það sem eftir var af manninum féll á jörðina og Jones sá í gegn um blóðið og innvolsið sem hékk á honum, að einhver gekk hægt burt.

Blakfréttir

- sagðar af Ómari Péturssyni



Óskar snarar boltanum yfir netið!!

Tilfni þess að ég sting hér niður penna, er að minnast á árangur þann sem blaklið karla í ÍMA náði á þessum vetri.

Á haustdögum var ákveðið að rífa liðið upp úr mikilli lægð sem það var í og búið að vera síðustu tvö árin. Tókst það með miklum ágætum. Mættu eitt sinn 16 á æfingu sem er mjög gott. Þeir einstaklingar sem liðið hafði á að skipa voru líka flestir í svipuðum "gæðaflokki" og honum frekar háum.

Fyrir utan venjulega blakleiki milli skóla á íþróttadögum tók liðið þátt í tveimur mótum.

Það fyrra var á Laugarvatni 27. febrúar. Farið var héðan á föstudegi, 26. febrúar, og haldið suður. Á laugardegnum voru svo mætt 9 lið á Laugarvatn. Var þeim skipt í tvo riðla. Í riðli með okkur voru F.S., F.A., F.G. og Versló. Við unnum okkar

riðil en hinn unnu Laugvetningar. Í úrslitaleik töpuðum við svo 2-1. Voru Laugvetningarnir vel að sigrinum komnir. Þrátt fyrir þetta vorum við þokkalega ánægðir. Augljóslega vorum við á réttri leið.

Seinna mótið var svo á Laugum S-Þingeyjarsýslu laugardaginn 12. mars. Þangað var ákveðið að senda tvö lið til að sem flestir fengju nú að spreyta sig. Mót þetta var á vegum Blaksambands Íslands. Því miður mættu of fá lið til að mjög gaman væri að mótinu. Einungis voru 4 lið, ÍMA-a og b, einnig Laugar og F.Su. B-liðinu gekk því miður ekki nógu vel og töpuðum við öllum okkar leikjum. En a-liðið bætti það upp og vann alla sína leiki og þar með mótið.

Þar eð fyrra mótið var óformlegt, en þetta formlegt, varð a-lið ÍMA-a Íslandsmeistari í framhaldsskólaflokki. Að vonum var gleði liðsmanna

mikil. Augljóst má vera að blakliðinu hefur tekist að komast upp úr mikilli deyfð.

Íslandsmeistarar ÍMA-a eru: Arngrímur Arngrímsson 1.A, Gunnar Sigurðsson 4.X, Hermann Þ. Geirsson 4.B, Karl Jakob Ingimarsson 2.T, Óskar Aðalbjarnarson 2.X og Stefán Óli Steingrímsson 4.T.

Ég vil svo að lokum minna á að enn eru æfingar hjá blakliði karla kl. 5 á þriðjudögum og fimmtudögum. Þeim sem vilja er frjálst að mæta.



Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfunna:

Sjóvá

Ráðhústorgi 5, sími 22244

Skótískan

Skipagötu 5, sími 26545



Sparisjóður Akureyrar og Arnarneshrepps

Brekkugötu 1, sími 24340



Sparisjóður Glæsibæjarhrepps

Brekkugötu 9, sími 21590

Sportbúðin

Verslunarmidstöðinni Sunnuhlíð 12, sími 27771

Tískuverslun Steinunnar

Hafnarstræti 98, sími 22214

HUGINN

SKÓLAFÉLAG MENNTASKÓLANS Á AKUREYRI


SÍÐASTA VERK STJÓRNAR HUGINS SKÓLAÁRÍÐ 1987-1988.

Við í stjórn Hugins höfum ákveðið að láta verða okkar síðasta verk að gera þessi embætti okkar eftirsóknarverðari en þau hafa verið í gegnum árin. Og því höfum við samþykkt eftirfarandi ákvæði:

Stjórnarmeðlimir Hugins skulu ekki þurfa að bera neinn kostnað af setu sinni í stjórninni og því munu þeir fá frían aðgang að öllum uppákomum Hugins og undirfélaga skólafélagsins (ekki hjá þriðja þekk).

Ljósrit af þessu ákvæði er geymt hjá stjórn Hugins svo og skólameistara.

Stjórn Hugins.



Hrópað á frelsi
verður sýnd bráðlega.

CRY FREEDOM

Borgarbíó, s. 23500

ALLTAF NÝJAR MYNDIR




Flugleiðir bjóða skólafólki
sérstök og hagstæð fargjöld innanlands.

Kynnið ykkur sérfargjöld Flugleiða
og alla ferðamöguleikana.

Upplýsingar hjá Flugleiðum, ferðaskrifstofum
og umboðsmönnum.

FLUGLEIÐIR 

GULL
Reikningur



318-2b

Garðaborg 5
Sími 91-656600

KH. 3.500.-

BUNADARBANKI ISLANDS

5060

Flandhafa
Pjónþjónsund og Þjónþjónsund



Hólmfríður Karlsdóttir

Hólmfríður Karlsdóttir



Garðab. 18.02 88

4000725+ 20 < 031826 > 005060+

**Það fer ekki milli mála
hver þú ert**



BUNADARBANKI ISLANDS

Frúmkvæði - Traust